

Ársskýrsla 2016

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins



Ársskýrsla Tækniskólans 2016

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins
Skólavörðuholti, 101 Reykjavík
Sími 514 9000 - Fax 517 3075
www.tskoli.is - tskoli@tskoli.is
Kennitala 531202-3410

EFNISYRFIRLIT

1. ÁVARP FORMANNS	5
2. STAÐA OG HLUTVERK SKÓLANS	6
Hlutverk	6
Framtíðarsýn	6
3. GILDI OG STEFNA TÆKNISKÓLANS, SKÓLA ATVINNULÍFSINS 2011–2015	7
3.1 Gildi Tækniskólans	7
Menntun	7
Virðing	7
Fagmennska	7
Framsækni	7
3.2 Stefna í kennslu og námi	7
3.3 Stefna í þróun námsbrauta	8
3.4 Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna	8
3.5 Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði	8
3.6 Aðrar stefnur	9
4. SKIPULAG OG SÉRSTAÐA	10
5. STJÓRN SKÓLANS OG STJÓRNENDUR	11
5.1 Eigendur og stjórn	11
5.2 Stjórnendur og skipurit	11
6. SKÓLAR TÆKNISKÓLANS	12
6.1 Byggingatækniskólinn	12
6.2 Endurmenntunarskólinn	13
6.3 Flugskóli Íslands	13
Húsnæði, starfsfólk, nemendafjöldi og vélafloki.....	13
6.4 Handverksskólinn - hár, gull, föt	14
Fataiðnbraut (fatatæknir, kjólasaumur og klæðskurður)	14
Gull- og silfursmíðabraut	14
Hársnyrtiðn	14
6.5 Raftækniskólinn	15
Þróun á verkefnastýrðu námi og gjafir.....	15
6.6 Skipstjórnarskólinn	16
6.7 Tækniakademían	16
6.8 Tæknimenntaskólinn	17
Hönnunarbraut sameinast Tæknimenntaskólanum	17
Ný hönnunar- og nýsköpunarbraut	17
Kennarar og starfsmenn	18
6.9 Upplýsingatækniskólinn	19
Almenn námsbraut	19
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	19
Tölvubraut	19
K2 Tækni- og vísindaleiðin	19
Nýjungar og frammistaða í keppnum	20
6.10 Veltækniskólinn	21
Skrúfudagurinn og félagslíf	21
7. KJARNASKÓLAHLUTVERK TS	22
8. FÁMENNAR NÁMSBRAUTIR	23

9. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLAHALD	24
9.1 Yfirlit yfir nemendafjölda á einstökum brautum í 2008–2016	24
Dreifnám 2008–2016	25
Aldursdreifing í skólanum	25
Meðalaldur nemenda 2008–2016	25
9.2 Brottfall árið 2016	26
9.3 Kynjahlutfall í Tækniskólanum 2016	27
9.4 Brautskráningar	27
9.5 Áfangastjórn	27
Útgáfa	27
Viðveruskráning og skólasókn	28
9.6 Námsstjórn	28
9.6.1 Náms- og starfsráðgjöf	28
9.6.2 Foreldraráð	28
9.6.3 Námskrárgerð	28
10. SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT	29
10.1 Gæðakerfi	29
10.2 Kennslumat	29
10.3 Miðannarmat	30
10.4 Innri rýni	30
Tækniskólinn – ytri úttektir	30
11. FÉLAGSLÍF NEMENDA	31
11.1 Nemendasamband Tækniskólans	31
11.2 Fjármál nemendafélaga	31
11.3 Aðstaða nemendafélaga	31
11.4 Viðburðir	31
12. KYNNINGAR, SAMVINNA OG TENGL VIÐ ATVINNULÍFIÐ	32
12.1 Kynningarefni	32
12.2 Viðburðir og skólakynningar	32
12.3 Önnur verkefni	32
13. REKSTRARVIÐ – STOÐÞJÓNUSTA	33
13.1 Umsjón húsnæðis	33
Húsnæði í rekstri	33
13.2 Breytingar og viðhald á húsnæði 2016	33
13.3 Bókasafn og upplýsingamiðstöð	33
Tölulegar upplýsingar	34
13.3.1 Alþjóðamál	34
13.4 Tölvudeild	34
Uppbygging kerfis	34
Netþjónar	34
Kerfisrými	34
Nethögun	34
Afritun	34
Þráðlaust net	35
Prentun	35
Aðgengi að gögnum og gagnaöryggi	35
13.5 Starfsmannahald	35
13.6 Starfsmannafundir	35
13.7 Starfsmannafélag, starfsemi	35
13.8 Fjármálastjórn, bókhald og skólaskrifstofa	35
13.9 Afkoma ársins	36

1. ÁVARP FORMANNS

Gaman hefur verið að fylgjast með þróun Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, frá því Stýrimannaskólinn í Reykjavík og Vélskóli Íslands voru sameinaðir í Fjöltækniskólann árið 2004 og síðan árið 2008 er Fjöltækniskólinn og Iðnskólinn í Reykjavík voru sameinaðir og Tækniskólinn varð til í núverandi mynd. Iðnskólinn í Hafnarfirði var sameinaður Tækniskólanum 1. ágúst 2015 og hafa þessar sameiningar verið skólanum, nemendum og starfsfólki til farsældar. Flugskóli Íslands sem verið hefur í 100% eigu Tækniskólans um árabil var endanlega sameinaður Tækniskólanum 1. janúar 2016 og er ánægjulegt að Flugskólinn sé nú formlega einn af skólum Tækniskólans.

Margt hefur gerst á þessum árum, skólinn þróast samhliða breytingum í umhverfinu og breytingum á þörfum atvinnulífsins fyrir verk- og tæknimenntaða starfsmenn og hefur skólinn leitast við að fylgja þeim straumum sem eru í gangi á hverjum tíma. Stundum er sagt að skóli sé stofnun sem erfitt er að hreyfa til og að langan tíma taki að breyta um stefnu. Tækniskólinn sem byggir á samsetningu smærri fagskóla er meðvitaður um nauðsyn þess að laga stefnuna og tryggja að námsframboð sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til námsins.

Á undanförnum árum hefur vaxandi áhersla verið lögð á að bæta námið og námsumhverfið sem hefur falist í annarsvegar stórfelldum breytingum á húsnæði til kennslu og hinsvegar í breytingum á efni og innihaldi náms. Tekið hefur verið upp verkefnastýrt nám í auknum mæli, bætt hefur verið í dreifnám og fjarkennslu og lögð áhersla á að gera skólann meira aðlaðandi sem vinnustað nemenda.

Þróunarverkefnið K2 hefur verið í gangi, sem gengur út á breytta nálgun á námi og kennslu fyrir duglega nemendur úr grunnskóla, þar sem hefðir eru rofnar og fordómar yfirstignir. Verkefnið hófst haustið 2016 og hefur verið almenn ánægja á meðal nemenda og aðstandenda þeirra og ekki síður hjá þeim kennurum sem að verkefninu hafa komið.

Tengsl milli atvinnulífs og skóla eru mjög mikilvæg. Stór verkefni eru framundan og nauðsynlegt að nálgast þau af festu og áræðni. Skipuleggja þarf starfsnám og vinnustaðahluta starfsnáms þannig að nám geti farið fram þar sem náminu hentar best og kemur nemandanum að mestum notum. Samstarf verður að vera á milli skóla og þeirra fyrirtækja sem annast vinnustaðanám þannig að kröfur séu gerðar til gæða kennslu og þjónustu vinnustaðanna með sama hætti og kröfur eru gerðar til gæða og þjónustu skólanna. Við verðum að horfa á nám nemandans sem eina heild. Atvinnulíf og skólar verða að vinna saman til að það sé mögulegt.

Fagháskólanám hefur verið í umræðunni innan skólasamfélagsins og verða stór skref vonandi stigin í þróun þess og mótun á næstu misserum. Mikilvægt er að rödd verk- og tæknináms heyrst skýr og hvell í umræðunni um fagháskólanámið og þarf Tækniskólinn að koma að verkefninu af styrkleika.

Við trúum því að ímynd Tækniskólans hafi styrkst á liðnum árum sem afleiðing af þeim verkum sem unnin eru innan skólans og óskum þess að skólinn sé dæmdur af verkum sínum og því sem hann stendur fyrir.

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins veitir fjölbreytta verk- og tæknimenntun, hefur útskrifað fagfólk fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag í langan tíma og mun gera það um ókomin ár. Sterk verk- og tækniþekking er nauðsynleg fyrir hvert það þjóðfélag sem vill standa sig í samkeppni þjóða um góð lífskjör.

*Stjórnarformaður Tækniskólans, skóla atvinnulífsins,
Bollí Árnason*



2. STAÐA OG HLUTVERK SKÓLANS

Í þjónustusamningi Tækniskólans (TS) og mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2008 er kveðið á um áherslur, markmið og hlutverk skólans. Það er mat Tækniskólans að vel hafi tekist að starfa eftir þeim stefnumiðum og ná þeim markmiðum sem þar voru sett. Skólinn hefur haslað sér völl sem viðurkenndur og eftirsóttur iðn- og starfsmenntaskóli í hraðri þróun.

Þann 18. mars 2013 voru undirritaðir tveir nýir samningar við mennta-, og menningarmálaráðuneytið, annars vegar endurnýjaður þjónustusamningur skólans við ráðuneytið og hins vegar nýr skólasamningur. Báðir samningarnir gilda til 2018.

Undirritun á endurnýjuðum þjónustusamningi TS við MMR er staðfesting á því að rekstur skólans og skólastarfið standist þær kröfum sem ráðuneytið gerir til slíkra samninga.

Þann 20. júlí 2015 var undirritaður viðauki við ofangreindan þjónustusamning um yfirtöku Tækniskólans á rekstri og hlutverki Iðnskólans í Hafnarfirði með gildistöku frá og með 1. ágúst 2015.

Flugskóli Íslands sem var 100% í eigu Tækniskólans var sameinaður Tækniskólanum á kennitölu Tækniskólans frá 1. janúar 2016 og er Flugskólinn því þar með einn af skólum Tækniskólans.

Samstarf við aðila atvinnulífsins hefur verið aukið frá því sem áður var og hefur áhrif á þróun náms og námsbrauta. Fagráð, sem er samstarfsvettvangur launþega, atvinnurekenda og skólans hefur miklu hlutverki að gegna í þróun hans. Reynslan af starfi fagráða hefur almennt verið góð og sannast að bætt tengsl milli aðila koma skólastarfinu að gagni.

Á þessum árum hefur brottfall nemenda frá námi minnkað, viðvera nemenda aukist og aðsókn að skólanum að aukast. Kennslu og áfangamat nemendanna í skólanum er einnig mjög gott.

Helstu stefnumið Tækniskólans og sérstakt hlutverk standa óbreytt en hér verður gerð grein fyrir áherslum í stefnu Tækniskólans til næstu ára, helstu gildum hans og leiðum og settir fram mælipunktur.

Hlutverk

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008, aðalnámskrá framhaldsskóla. Tækniskólinn tekur mið af lögnum frá 2008 og viðeigandi reglugerðum. Hlutverk Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, er að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám í sérskólum og háskólum. Einnig er það hlutverk skólans að búa nemendur undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og leitast við að efla með þeim gagnrýna hugsun, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi.

Sérstakt hlutverk Tækniskólans er að mennta eftirsótt starfsfólk í handverks-, iðnaðar-, tækni-, vélstjórnar-, skipstjórnar, flug-, og sjávarútvegstörfum í íslensku jafnt sem alþjóðlegu umhverfi bæði til sjós og lands.

Framtíðarsýn

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins verði áfram helsti verk- og tæknimenntaskóli landsins, njóti virðingar nemenda og atvinnulífs fyrir góða menntun og verði eftirsóttur vinnustaður. Tækniskólinn verði leiðandi í framboði á framhaldsmenntun að loknu starfsnámi.

3. GILDI OG STEFNA TÆKNISKÓLANS, SKÓLA ATVINNULÍFSINS

» 3.1 Gildi Tækniskólans

Menntun

Við leitumst við að veita nemendum okkar fjölbætta menntun sem nýtist þeim til starfa, áframhaldandi náms og til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Við endurskoðum reglulega inntak og framsetningu kennslunnar til að koma á framfæri bestu hefðum og nýjustu tækni. Við leggjum áherslu á að virkja sköpunarkraftinn og stuðlum að samþættingu ólíkra greina.

Virðing

Við mætum hverjum nemanda þar sem hann er staddur og væntum mikils af honum. Við stuðlum að og virðum jafnrétti, lýðræði og mannréttindi. Við berum virðingu fyrir samstarfsfólki okkar og nemendum og bjóðum þeim bestu mögulegar aðstæður. Við virðum gildi og hefðir faggreina og nálgumst umhverfi okkar með endurnýtingu og sjálfbærni að leiðarljósi.

Fagmennska

Við leggjum áherslu á fagmennsku á öllum sviðum, í kennslu, stoðþjónustu og samskiptum við nemendur, foreldra og atvinnulíf. Við ástundum fagleg vinnubrögð og hagsýni í stjórn skólans og ákvarðanatöku. Við byggjum fagmennsku okkar m.a. á námskrám, áætlunum, ferlum og gæðaviðmiðum.

Framsækni

Við erum fljót til nýjunga, leitum tækifæra og bjóðum nemendum nýjar lausnir. Við bregðumst við þörfum atvinnulífsins fyrir vel menntað starfsfólk og vinnum með fyrirtækjum og hagsmunaaðilum að þróun námsbrauta. Við göngum á undan í innleiðingu nýrra kennsluhátta og þróun námskráa.

» 3.2 Stefna í kennslu og námi

Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri með því að leysa raunhæf og skapandi verkefni í hverri grein. Skólinn leggur áherslu á samþættingu námsgreina, þverfaglegt samstarf og að sköpun og frumkvæði einkenni nám og kennslu. Þessum markmiðum verður náð með því að þróa kennsluhætti hafa hvetjandi námsmat með skýrum væntingum til nemenda, og eftirliti með ástundun þeirra.

- Val og ábyrgð nemenda á verkefnum aukist eftir því sem þeir eru lengra komnir í námi.
- Kennslan verði skipulögð út frá því hvaða upplýsingar, tæki og leiðsögn nemendur þurfa til að geta leyst verkefnin af hendi.
- Kennarar þrói rafrænar leiðir til upplýsingamiðlunar og námsmats.
- Áhersla er lögð á að nám verði verkefnastýrt.
- Hlutfall leiðsagnarmats á úrlausnum verkefna verði einkennandi og hlutfall lokaprófa í námsmati fari minnkandi.
- Stefnt er að minnkandi brottfalli og batnandi meðalárangri nemenda Tækniskólans, skóla atvinnulífsins.
- Ferilmappa verði hluti af námsmati á flestum brautum.

Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- ✓ Afföll skráðra eininga verði undir 15%.
- ✓ Hlutfall staðinna eininga verði yfir 75%.
- ✓ Hlutfall lokaprófa í námsmati minnki um 30%.
- ✓ Notkun ferilmöppu sem hluti af námsmati aukist um 30% á ári.

» 3.3 Stefna í þróun námsbrauta

Námskrár allra námsbrauta verða endurskoðaðar í samræmi við lög um framhaldsskóla frá 2008. Unnið verði áfram að þróun nýrra námsbrauta á framhaldskóla- og framhaldsstigi (fjórða þrepi) í samræmi við þarfir nemenda og atvinnulífs.

- Í samræmi við ný lög verði lokið endurskoðun allra námsbrauta Tækniskólans haustið 2017.
- Á hverju ári verði a.m.k. ein ný námsbraut þróuð með hagsmunaaðilum.
- Fjölgun nemenda sem ljúka námi af 4. þrepi frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins.
- Byggja upp samstarf við erlenda skóla.
- Fá viðurkenningu erlendra og innlendra skóla á námi skólans á fjórða þrepi.

Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- ✓ Verði nýjar/endurskoðaðar námskrár a.m.k. 4 á ári.
- ✓ Nýjar námsbrautir á 4. þrepi verði a.m.k. þrjár.
- ✓ Nemendum sem ljúka námi á 4. þrepi skólans fjölgi um 20%.

» 3.4 Stefna um mannauð, ánægju nemenda og starfsmanna

Starfsmenn og nemendur búi við góðar aðstæður, séu ánægðir með vinnuumhverfi sitt og líði vel í Tækniskólanum skóla atvinnulífsins. Skólinn mæli reglulega líðan og ánægju nemenda og starfsmanna og setji niðurstöðurnar í ferli til úrbóta þar sem við á.

- Kennslu- og áfangamat verði á hverri önn og þróist til að gefa betri mynd af stöðu kennslu og áfanga.
- Aðlögun kennslurýmis miðað við breytilegar áherslur verði unnið í samvinnu við starfsmenn.
- Skólinn stuðli að endurmenntun starfsmanna sinna með námskeiðum, fræðslufundum, fyrirlestrum og kynningarferðum.
- Skólinn leggi áherslu á félagslíf nemenda og styðji skólafélögin og nemendasambandið.

Mælipunktur:

Á næstu þremur árum:

- ✓ Annað hvert ár verði gerð ein viðhorfskönnun meðal nemenda og ein meðal starfsmanna.
- ✓ Einkunn kennslumats verði ekki undir 4.0.
- ✓ Einkunn áfangamats verði ekki undir 4.0.

» 3.5 Stefna um rekstur, skipulag og húsnæði

Nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinni náíð með eigendum að þróun hans í aðbúnaði og framtíðarhúsnæði.

- Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni.
- Stefnt er að því að tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld aukist sem hlutfall heildartekna.
- Unnið skal markvisst að endurnýjun tækja og búnaðar.
- Allur skólinn starfi eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO9001.

Mælipunktur:

- ✓ Tekjur aðrar en opinber framlög og nemendagjöld verði allt að 20% af heildartekjum.

- ✓ Meðalnýting í námshópum verði yfir 90% á hverju skólaári.
- ✓ Hlutfall launakostnaðar af heildartekjum sé ætíð undir 80%.
- ✓ Gæðakerfi samkvæmt ISO9001 staðli á skólanum í heild verði viðhaldið og vottað.

» 3.6 Aðrar stefnur

Tækniskólinn hefur jafnfram sett eftirfarandi stefnur sem nánar eru kynntar á heimasíðu skólans:

- Alþjóðastefna - alþjóðlegt samstarf og samskipti
- Forvarnarstefna
- Gæðastefna
- Heilsustefna
- Jafnréttisstefna
- Stefna gegn einelti og kynferðislegri áreitni og ofbeldi
- Umhverfisstefna
- Viðbrögð við áföllum

4. SKIPULAG OG SÉRSTAÐA

Tækniskólinn ehf. var stofnaður vorið 2008 með samruna Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands og er rekinn sem einkahlutafélag. Samkvæmt samþykktum skólans, sem eru í anda sjálfseignarstofnunar, er eigendum ekki heilmilt að taka út fjárhagslegan arð en arður eigenda felst í betur menntuðu fólki til atvinnulífsins. Rekstur skólans miðast við að skólinn sé sjálfbær.

Sérstaða Tækniskólans, skóla atvinnulífsins felst í nánnum tengslum hans við atvinnulífið í gegnum eignarhaldsfélag hans og sérstök fagráð sem tengjast námsbrautum skólans. Í fagráðum sitja fulltrúar atvinnurekenda, launþega og fagkennara í hverri grein. Flestar námsbrautir Tækniskólans veita markvissan undirbúning til ákveðinna starfa jafnframt því sem þær opna leiðir til áframhaldandi náms. Tækniskólinn starfa eftir vottuðu gæðakerfi ISO 9110:2000.

Skipulagi Tækniskólans var breytt á árinu með sameiningu Tæknimenntaskólans og Fjölmenningskólans í Tæknimenntaskólann auk áðurnefndrar yfirtöku Tækniskólans á rekstri og hlutverki Iðnskólans í Hafnarfirði. Tækniskólinn hefur sameiginlega yfirstjórn, rekstrarráð, en önnur stjórnun skiptist milli fjölda undirskóla sem hafa faglegt sjálfstæði. Skólarnir eru: Byggingartækniskólinn, Flugskóli Íslands, Handverkskólinn, Raftækniskólinn, Skipstjórnarskólinn, Tæknimenntaskólinn, Tækniakademían (Margmiðlunarskólinn, Vefþróunarskólinn og Endurmenntunarskólinn) Upplýsingartækniskólinn og Véltækniskólinn.

Námsbrautir eru samtals yfir 80 og í boði eru að jafnaði um 800 áfangar á önn. Nemendur eru um 2100 í dagskóla og 600 í dreifnámi auk nemenda sem sækja einstök námskeið við Endurmenntunarskólann.

Starfsmenn eru um 250. Skipurit skólans, starfslýsingar og upplýsingar um undirskóla Tækniskólans og áfanga er að finna í Námsvísi skólans sem og á heimasíðu hans.

Skólinn er áfangaskóli og skólaárinu skipt upp í tvær annir, vorönn og haustönn. Aðalbyggingar skólans eru á Háteigsvegi, Skólavörðuholti og í Flatahrauni í Hafnarfirði. Byggingartækniskólinn hefur auk þess aðstöðu á Skeljanesi við Skerjafjörð, Flugskóli Íslands er í Hafnarfirði, á Reykjavíkurflugvelli og í Lagnakerfamiðstöðinni Keldnaholti, hljóðtækni og kvikmyndanámi hefur verið kennt í húsnæði Sýrlands ehf. við Vatnagarða.

Tækniskólinn gefur út skólanámskrá í samræmi við 22. og 23. grein laga um framhaldsskóla og almennan hluta aðalnámskrár. Námsvísirinn er birtur á heimasíðu skólans.

5. STJÓRN SKÓLANS OG STJÓRNENDUR

» 5.1 Eigendur og stjórn

Tækniskólinn er einkarekinn skóli og er rekstrarfélagið í eigu eftirtalinna aðila: Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi SFS, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Á hluthafafundi 29. október 2014 voru gerða breytingar á eignarhaldi og stjórn Tækniskólans. Samtök Iðnaðarins keyptu hlut Sambands íslenskra kaupskipaútgerða í félaginu eftir að hluthafar höfðu fallið frá forkaupsrétti sínum. Hluthafasamkomulagi Tækniskólans var breytt í samræmi við framagreint auk þess sem fjölda stjórnarmanna var breytt úr 7 í fimm og voru nýjar samþykktir skráðar hjá fyrirtækjaskrá.

Stjórn:

Bolli Árnason	SI	stjórnarformaður
Haukur Þór Hauksson	SFS	varaformaður
Aðalheiður Héðinsdóttir	SI	meðstjórnandi
Friðrik Friðriksson	SI/SFS	meðstjórnandi
Guðmundur Páll Ólafsson	Samorka/Iðnaðarmannafélagið	meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Hildur Ingvarsdóttir	Samorka/Iðnaðarmannafélagið
Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir	SI
Kristján Vilhelmsson	SFS
Magnús Þór Ásmundsson	SFS

Ráðgjafarráð:

Guðmundur Ragnarsson	VM
Hallgrímur Gunnar Magnússon	Byggið

» 5.2 Stjórnendur og skipurit

Skólameistari Tækniskólans er Jón B. Stefánsson.

Aðstoðarstjórnendur eru Þór Pálsson aðstoðarskólameistari, Björg Jónsdóttir rekstrar- og fjámalastjóri og Halldór Hauksson áfangastjóri. Þessir stjórnendur ásamt skólameistara mynda rekstrarráð skólans sem heldur vikulega fundi.

Aðrir stjórnendur eru Einar Sigurðsson gæðastjóri, Gunnar Sigurðsson umsjónarmaður fasteigna, Tryggvi Jóhannsson kerfisstjóri, Ómar Aage Tryggvason deildarstjóri tölvudeildar, Ingibjörg Rögnvaldsdóttir forstöðumaður bókasafns- og upplýsingamiðstöðvar.

Skólastjórar Tækniskólans eru:

Baldvin Birgisson, *Flugskóli Íslands*

Guðrún Randalín Lárusdóttir,
Upplýsingatækniskólinn

Gunnar Kjartansson, *Byggingatækniskólinn*


Jón Hjalti Ásmundsson, *Skipstjórnar- og Vél-tækniskólinn*

Kolbrún Kolbeinsdóttir,
Tæknimenntaskólinn

Ragnheiður Bjarnadóttir,
Handverksskólinn

Ragnhildur Guðjónsdóttir,
Endurmenntunarskólinn og Tækniakadémían

Valdemar G Valdemarsson,
Raftækniskólinn



6. SKÓLAR TÆKNISKÓLANS

Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins er skipt upp í fjölda faggreinaskóla. Skólastjórar einstakra skóla Tækniskólans annast faglega ábyrgð og stjórnun á námi við Tækniskólann og nær sú ábyrgð yfir skipulag kennslu og námsefni, ráðningar kennara og ráðgjöf nemenda varðandi áfangaval. Skólastjórar ráða fagstjóra, verkefnisstjóra eftir eðli og umfangi skólans. Skólastjórar taka virkan þátt í daglegri stjórnun Tækniskólans og sitja vikulega fundi með rekstrarráði Tækniskólans.

» 6.1 Byggingatækniskólinn

Byggingatækniskólinn menntar iðnaðarmenn til starfa í byggingaiðnaði og einnig tækniteiknara sem starfa á teiknistofum. Í Byggingatækniskólanum eru sex verknámsbrautir auk náms í tækniteiknun.

Nám á verknámsbrautum hefst á sameiginlegu einnar annar grunnnámi. Eftir það skiptist námið í: húsmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, múrsmíði, pípulagnir og veggfóðrun og dúkalagnir. Nám í þessum greinum tekur að jafnaði fjögur ár með starfsþjálfun.

Við sameiningu Tækniskólans og Iðnskólans í Hafnarfirði bættist nám í pípulögnum við framboð skólans auk auk þess sem kennsla í tækniteiknun var sameinuð í endurbættri aðstöðu á Skólavörðuholti. Kennsla í húsmíði og húsgagnasmíði er á báðum stöðum.

Námskrár fyrir allar brautir eru í vinnslu og stefnt að kenna eftir þeim á haustönn 2017.

Námsgrein	Skólavörðuholt	Hafnarfjörður
Húsmíði	x	x
Húsgagnasmíði	x	x
Málaraiðn	x	
Múrsmíði	x	
Pípulagnir		x
Veggfóðrun og dúkalagnir	x	
Tækniteiknun	x	

Á haustönn 2016 voru miklar framkvæmdir í aðstöðu skólans á Skólavörðuholti þar sem unnið var við uppsetningu á loftræstikerfi sem hafði ekki verið sett upp eftir húsnæðisbreytingar undanfarinna missera. Þessum framkvæmdum lauk seint á vorönn 2017. Endurbætur voru einnig gerðar í aðstöðu pípara í Gjótuhrauni. Settir voru upp básar sem auðveldar kennsluna til muna og eru bæði kennarar og nemendur ánægðir með breytinguna.

Mikil aukning var í aðsókn grunnskólanemenda í skólann og er það ánægjulegt. Vel hefur verið staðið að kynningu skólans sem er að skila sér.

Byggingatækniskólinn átti fulltrúa á EuroSkills sem haldin var í byrjun desember 2016 í Gautaborg. Fulltrúar skólans kepptu fyrir Íslands hönd í pípulögnum og trésmíði og stóðu þeir sig mjög vel. Einnig voru kennarar skólans þjálfarar þeirra og dómara í keppinni.

Skólastjóri: Gunnar Kjartansson



» 6.2 Endurmenntunarskólinn

Endurmenntunarskólinn hefur það hlutverk að efla og auka framboð í endur- og símenntun með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi. Hjá Endurmenntunarskólanum haldinn er fjöldi námskeiða á hverju ári, jafnt starfstengd réttindanámskeið sem og tómstundanámskeið opin öllum.

Árið 2016 voru 149 námskeið kennd við Endurmenntunarskólann með 1450 þátttakendum. Ný námskeið voru t.a.m. eldsmíði, innanhússhönnun, listræn tískuljósmyndun, portrett vinnustofa með Just Loomis, skapandi hugsun ofl. auk nokkurra nýrra námskeiða í Tækniskóla unga fólksins.

Mörg námskeið Endurmenntunarskólans eru sívinsæl og hafa verið haldin um árabil, sum hver mörgum sinnum á hverri önn. Má þar nefna vélgæslunámskeið, smáskipa- og skemmtibátanámskeið, silfursmíði, málmsuðu, trésmíði fyrir konur og húsgagnabólstrun.

Skólastjóri: Ragnhildur Guðjónsdóttir

» 6.3 Flugskóli Íslands

Flugskóli Íslands/Tækniskólinn er viðurkenndur skóli sem hlotið hefur vottun Samgöngustofu (áður Flugmálastjórn Íslands), samkvæmt Evrópskum reglum EASA – Evrópsku flugöryggisstofnunarinnar.

Flugskóli Íslands kennir allt flugnám, frá einkaflugmanni til atvinnuflugmannsréttinda, ásamt öllum þeim áritunum sem krafist er. Skólinn kennir einnig til starfsréttinda flugfreyju/flugþjóna og flugvirkja, ásamt því að sinna símenntun flugmanna og annara fagaðila er tengjast flugi.

Náið samstarf allra flugrekenda á Íslandi, s.s Icelandair, Flugfélag Íslands, WOWair, Flugfélagið Ernir, Bláfugl, Norlandair og ISAVIA, hefur styrkst á árinu vegna aukinna umsvifa þeirra. Fyrirtækin hafa verið helstu bakhjarlar skólans frá stofnun. Frá flugrekendunum koma margir kennarar, sem kenna bæði bóklega og verklega kennslu við skólann í hlutastörfum.

Skólinn hefur einnig verið með í nokkur ár þjónustusamning við breskan flugvirkjaskóla – Resource Group - LRTT, til þjálfunar réttindanáms flugvirkja frá grunni. Námið er unnið í náinni samvinnu við stærstu viðhaldsaðila loftfara á Íslandi og stéttarfélags flugvirkja og á síðustu árum hafa margir nemendur skólans farið í vinnu hér á landi í þessari faggrein. Þessu tengt er skólinn með samstarfssamning við Flugsafnið á Akureyri, þar sem hluti flugvirkjakennslunnar fer fram og um leið varðveisla og endurbætur á safngripum.

Húsnæði, starfsfólk, nemendafjöldi og vélafloti

Um mitt ár 2016, var bókleg aðstaða og skrifstofa Flugskóla Íslands flutt að Flatarhrauni 12 í Hafnarfirði, þar sem skrifstofa og öll bókleg kennsla er til húsa. Þá flutti flugvirkjakennslan í Árleyni 4, þar sem áður var Lagnakerfamiðstöðin. Þar fer fram bæði bókleg og verkleg kennsla flugvirkja, ásamt því að hýsa þjálfunartæki flugrekenda s.s. reykþjálfa, neyðarrennu og fleiri neyðarbúnað sem þarf til þeirrar þjálfunar.

Alls störfuðu um 93 launþegar við skólann, flestir sem verktakar í hlutastörfum. Í bóklegu atvinnuflugmannsnámi á vormánuði voru 21 nemandi sem lauk námi og á haustmánuði voru 60 bóklegir atvinnuflugmannsnemendur innritaðir. 89 einstaklingar voru skráðir í bóklegt einkaflugmannsnám á árinu, auk fjölda nemenda við önnur námskeið sem skólinn bauð upp á. M.a. 191 nemandi á 9 námskeiðum í grunnnámi til réttindanáms flugfreyju og flugþjóna á vegum Icelandair. 81 nemendi var í þremur bekkjum í námi til flugvirkjunar á árinu. Þá eru óátaldir fjöldi aðila í námi á vegum flugrekenda, en þeir skiptu hundruðum.

Verklega flugkennslan fer fram á Reykjavíkurflogvelli, þar sem er aðstaða er fyrir bæði fyrir kennara og nemendur til undirbúnings flugs og verklegrar kennslu. Flugvélafloti skólans 2016 samanstóð af 1 Piper Seminole og 3 einshreyfils flugvélum af Cessnu gerð og 5 einshreyfils flugvélum af Tecnam gerð.

Flugaðferðarþjálfari Flugskóla Íslands, ALX21 flugaðferðarþjálfinn, er til húsa í Rafmagnshúsi Tækniskólans á Háteigsvegi. Flugaðferðarþjálfinn er vottaður af EASA – Evrópsku flugöryggisstofnuninni á hverju ári, af tveimur fulltrúum þeirra.

46 einliðaflugsvottanir voru gefnar út af skólanum á árinu 2016. 33 verklegir einkaflugnemar og 23 verklegir atvinnuflugnemar voru útskrifaðir á árinu. 37 aðilar luku tegundaráritanánámi vegna tegundarþjálfunar hjá flugrekendum, þar af 20 einstaklingar sem luku B757 þjálfun fyrir Ícelandair. 21 aðili kláraði fjölhreyflaflugsáritun, 27 aðilar kláruðu nám í áhafnasamstarfi og 9 aðilar kláruðu nám til flugkennaraáritunar á árinu. Flugtímar ársins voru nokkuð fleiri miðað við árið 2015, þrátt fyrir hamlandi aðgerðir flugumferðarstjóra sem takmörkuðu umferð á Reykjavíkflugvelli.

Framtíð flugnáms er mjög góð, enda hafa öll flugfélög áform um að stækka leiðarkerfi sitt og fjölga flugvélum í flugflota sínum, ásamt ráðningum starfsfólks með tilskilin réttindi.

Skólastjóri: Baldvin Birgisson

» 6.4 Handverksskólinn - hár, gull, föt

Handverksskólinn varð til vorið 2015 þegar Hársnyrtiskólinn og Hönnunar og handverksskólinn voru aflagðir. Allar brautirnar utan hönnunarbautar féllu undir þennan nýja skóla. Skólastjóri er Ragnheiður Bjarnadóttir sem var áður skólastjóri Hársnyrtiskólans.

Í Handverksskólanum eru aðalgreinarnar hár, gull og föt þó að skósmíði sé þar einnig þegar það kemur til að nemandi sækir um það nám. Áhersla er lögð á að undirtitill skólans: hár – gull – föt sé sýnilegur sem víðast þar sem hann skilgreinir þær brautir sem skólinn stendur fyrir. Slagorðið er „Frá toppi til táar.“

Árið 2015 varð einnig sameining Tækniskólans við lönnskólann í Hafnarfirði og hársnyrtideildin þar sameinaðist því hársnyrtibraut Handverksskólans. Var hársnyrting kennd á tveimur stöðum en ákveðið var að bjóða upp á námið eingöngu á Skólavörðuholti fá og með vorönn 2016.

Fækkun hefur orðið jafnt og þétt síðustu árin í hársnyrtingu og fataið og því þurft að segja upp kennurum. Aðsókn hefur einnig dalað í gull- og silfursmíði þó nóg sé hún samt þar sem einungis 8 eru teknir inn á ári.

Mikil umræða hefur átt sér stað um húsnæði fyrir Handverksskólann en brautir hans eru dreifðar um húsnæðið og aðstaðan ekki góð. Vonir standa til þess að hentugra húsnæði finnist fyrir starfsemi Handverksskólans innan tíðar.

Fataiðbraut (fatatæknir, kjólasaumur og klæðskurður)

Fatatæknir er tveggja ára nám og er grunnur að áframhaldandi námi í kjólasaumi og klæðskurði. Nemendur nýta sér einnig möguleikann á að taka fatatækninn sem starfsnám til að ljúka stúdentsprófi. Kjólasaumur og klæðskurður er tveggja ára viðbótarnám við fatatækninn og að því námi loknu geta nemendur skráð sig í sveinspróf í iðninni.

Gull- og silfursmíðabraut

Er fjögurra ára nám, fimm annir í skóla og 72 vikna starfsþjálfun. Að því loknu geta nemendur skráð sig í sveinspróf í iðninni. Námið er jafnframt góður undirbúningur fyrir háskólanám í hönnunargreinum.

Hársnyrtið

Í hársnyrtið fléttast vinnustaðanámið inn í skólatímann og eins árs starfsþjálfun er þar að auki. Námið tekur 3 ár í skóla sem ásamt starfsþjálfun veitir rétt til að þreyta sveinspróf í greininni.

Skólastjóri: Ragnheiður Bjarnadóttir



» 6.5 Raftækniskólinn

Í Raftækniskólanum er veitt menntun í fimm iðngreinum: rafvirkjun, rafvélavirkjun, rafveituvirkjun, rafeindavirkjun, og kvikmyndasýningarstjórnun. Grunnám rafiðna er 120 einingar og tekur að jafnaði 4 annir í skóla. Nemendur sem innritast í sérnám til sveinsprófs í rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun þurfa að hafa lokið grunnnámi rafiðna. Nám til sveinsprófs í rafiðngreinum tekur að jafnaði 4 ár með grunnnámi rafiðna og starfsþjálfun í sex til tólf mánuði eftir brautum.

Í Raftækniskólanum er einnig kennd hljóðtækni í samvinnu við Stúdío Sýrland. Hljóðtækni er sextíu eininga nám, kennt vor, sumar og haust og geta nemendur þannig klárað námið á einu ári. Nemendur sem sækja um hljóðtækni þurfa að hafa lokið 60 einingum í framhaldsskóla og hafa reynslu eða menntun á sviði tónlistar.

Raftækniskólinn býður upp á hraðferð í grunnnámi rafiðna. Sú braut er ætluð nemendum sem lokið hafa stúdentsprófi á náttúrufræðibraut eða sambærilegt nám og tekur tvær annir í stað fjögurra.

Raftækniskólinn hefur jafnframt boðið upp á nám fyrir rafvirkja sem vilja klára rafveituvirkjun eða rafvélavirkjun. Það nám er í formi dreifnáms (fjarnáms) og er um að ræða 8 – 10 einingar ofan á rafvirkjanámið.

Mikil skörun er milli starfa í rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun og námið því að stórum hluta sameiginlegt. Sérhæfing hverrar greinar á sér aðeins stað á lokaönn námsins sem og í starfsþjálfun á vinnustað.

Þróun á verkefnastýrðu námi og gjafir.

Á árinu var unnið við að þróa nýjar námskrár fyrir rafvirkjun og rafeindavirkjun. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki snemma árs 2017.

Á haustönn 2016 var opnað á dreifnám í faggreinum „Nám með vinnu“, en árið 2015 hófst tilraunakennsla í grunnnámi rafiðna. Tilraunin tókst vel og var ekki ástæða til annars en að yfirfæra módelið yfir á faggreinarnar. Þetta er dreifnám er með meiri stuðningi kennara en hefðbundið fjarnám. Kennarar eru til staðar flest kvöld vikunnar í mismunandi sérgreinum og geta aðstoðað nemendur. Námið er að fullu verkefnastýrt og geta nemendur bætt við sig áföngum hvenær sem er annarinnar. Ef nemandi gengur vel í einum áfanga og getur klárað öll verkefni annarinnar á styttri tíma en hefðbundið kerfi gerir ráð fyrir má nemandi skrá sig í næsta áfanga á eftir. Sumir nemenda hafa þannig klárað allt að fjóra undanfaratengda áfanga á önninni og geta klárað námið á skemmri tíma en ella.

Raftækniskólinn í Hafnarfirði tók að þróa verkefnastýrt nám í dagskóla. Tilraunin gekk brösulega en skapaði heilmikla þekkingu á hvernig verkefnastýrt nám ætti að framkvæma og var komin góð lending á haustönn 2016. Rafvirkjabrautin í Hafnarfirði fór alfarið yfir í verkefnastýrt nám án stundatöflu. Raftækniskólinn í Hafnarfirði fékk góðar gjafir frá Securitas sem er öryggismyndavélakerfi með þráðlausum vefþjóni og upptökubúnaði. Þetta kerfi styrkir verulega kennslu í öryggiskerfum og færir nemendum skýrari sýn á slík kerfi.

Haustið 2016 gaf RSÍ og SART öllum nemendum í raftækni spjaldtölvu til nota við rafbok.is. Nemendur tóku þessu fagnandi enda nýttist spjaldtölvun vel til lestrar á námsefni sem Fræðsluskrifstofan hefur unnið við að þróa undir heitinu Rafbók. Flest allt námsefni nemenda í rafiðngreinum er frítt á rafbok.is. Þetta styrkir tvímælalaust kennslu í rafiðngreinum.

Met var slegið í einkunnum á sveinsprófum í rafeindavirkjun. Á vorönn 2016 fengu 3 nemendur einkunnina 10 fyrir tvær faggreinar sem er nýtt met.

Hópur 30 stjórnenda frá framhaldsskólum víðsvegar um Holland heimsóttu Raftækniskólann á haustdögum. Tilgangur heimsóknarinnar var að fræðast um hvað Íslendingar eru að gera í menntun á umhverfissviði en Raftækniskólinn er eini fagskólinn í rafiðngreinum sem er að þróa nám í umhverfismálum og endurnýjanlegum orkugjöfum. Áfangi með þetta efni verður settur af stað á haustönn 2017. Annar hópur heimsækir Raftækniskólann á vordögum 2017 í sömu erindagjörðum.

Skólastjóri: Valdemar G. Valdemarsson



» 6.6 Skipstjórnarskólinn

Skipstjórnarskólinn annast kennslu í greinum skipstjórnar til alþjóðlegra réttinda, allt frá skemmtibátum til farskipa að ótakmarkaðri stærð og farsviði, og til stúdentsprófs. Auk þess annast skólinn kennslu allra réttindatengdra námskeiða fyrir skipstjórnarmenn.

Nemendur fá stigvaxandi atvinnuréttindi með auknum loknum einingum og fara þeir gjarnan út í atvinnulífið og koma aftur síðar til áframhaldandi náms og réttinda. Nemendur fá þjálfun í meðferð siglingatækja og vélbúnaðar á sérhæfðum verkstöðvum og í fullkomnum siglingaherum.

Nemendur úr skipstjórnarskólanum starfa sem skipstjórnarmenn, stýrimenn og skipstjórar, á öllum gerðum skipa, hérlandis sem og erlendis, mismunandi eftir námi og réttindum.

Nemendaferð – Skrúfudagur árviss viðburður

Skipstjórnarnemar fengu styrk frá Nordplus til að fara í fimm daga ferð til Noregs. Í hópnum voru 23 nemendur og þrjú kennarar. Ferðinni var heitið til Austevoll, eyjar skammt frá Bergen, þar sem Austevoll maritime fagskule var heimsóttur en hópurinn heimsótti einnig skipstjórnarskóla í Bergen, Bergen Maritime.

Ferðin var mjög lærdómsrík og fjölbreytt og nemendur allir sammála um að svona reynsla væri dýrmæt.

Skrúfudagur hefur verið árviss viðburður í Sjómannaskólahúsinu til fjölda ára. Hann var vel heppnaður og dagskráin einstaklega fjölbreytt þar sem fjöldi fyrirtækja og allt námið í skólanum var kynnt vel af bæði nemendum og kennurum.

Skólastjóri: Jón Hjalti Ásmundsson



» 6.7 Tækniakademían

Undir Tækniakademíuna heyra námsbrautir sem hafa námslok á 4. þrepi. Einingar sem eru teknar á viðbótarstig eða 4. þrepi má meta sem einingar á háskólastigi.

Meistaraskólinn, Margmiðlunarskólinn og Vefskólinn heyra undir Tækniakademíu. Ný námskrá fyrir Meistaraskóla hefur verið í vinnslu undanfarin ár og var farið að kenna eftir nýrri námskrá á haustönn 2016. Samhliða því að nýja námskráin var tekin í kennslu var haldið áfram með þá gömlu til að gera nemendum sem langt voru komnir mögulegt á að ljúka námi frá þeirri námskrá. En gamla námskráin verður kennd í síðasta sinn á vorönn 2017.

Í Margmiðlunarskólanum var farið að kenna samkvæmt nýrri námskrá haust 2015 og eru því fyrstu nemendur nýrrar námskrár að útskrifast vor 2017. Margmiðlunarskólinn hefur gert samstarfssamning við háskóla í Bournemouth varðandi að nemendur okkar geti sótt um skólavist þar til að ljúka BA gráðu.

Vefskólinn tók til starfa haust 2015, það er því búið að innrita tvo hópa í Vefskólann en fyrstu nemendur

Þaðan útskrifast einnig vor 2017. Vefskólinn hefur gert samstarfssamning við KEA í Danmörku um að nemendur okkar geti sótt um skólavist þar til að ljúka BA gráðu.

Skólastjóri: Ragnhildur Guðjónsdóttir

» 6.8 Tæknimenntaskólinn

Hlutverk Tæknimenntaskólans sem einingar innan Tækniskólans er að veita nemendum traustan grunn í bóklegum greinum sem eru nauðsynlegur hluti og undirstaða alls annars náms við Tækniskólann. Ennfremur er það hlutverk Tæknimenntaskólans að gera nemendum allra annarra undirskóla Tækniskólans kleift að útskrifast með stúdentspróf frá Tækniskólanum.

Tæknimenntaskólinn skilar hlutverki sínu með tvennum hætti. Annars vegar með framboði og kennslu í bóklegum greinum á efri þrepum sem eru kjarni stúdentsprófa en nemendur útskrifast sem stúdentar beint frá Véltækni-, Skipstjórnar- og Upplýsingatækniskólanum. Hins vegar útskrifar Tæknimenntaskólinn sjálfur stúdenta af náttúrufræðibrautum með sérhæfingu í tækni til dæmis raftækni/ flugtækni/ tölvutækni/ byggingatækni/ véltækni/ skipstækni og stúdentspróf sem nemendur bæta við eftir aðalnám sitt í skólanum.

Stúdentar frá Tækniskólanum hafa það fram yfir stúdenta af hefðbundnum stúdentsbrautum framhaldsskóla að þeir hafa afað sér tvíþættrar menntunar þegar þeir útskrifast.

Haustið 2015 stækkaði Tæknimenntaskólinn mikið, nánast um helming, við sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði. Önnur sameining varð haustið 2015 en þá var Fjölmenningsarkólinn sameinaður Tæknimenntaskólanum og þá bættust við þrjár námsbrautir, starfsbraut sérnám (einhverfudeild), starfsnámsbraut (sérnámsbraut) og nýbúabraut. Auk þess heyrir nú samvinnuverkefni við Janus endurhæfingu ehf. undir Tæknimenntaskólanum.

Starfsbraut sérnám/einhverfudeild. Árið 2016 voru sex þjónustupungir þroskaheftir og einhverfir nemendur í einstaklingsmiðuðu fjögurra ára námi. Með hverjum nemanda eru tveir starfsmenn, þroskaþjálfari eða kennari og svo stuðningsfulltrúi í hlutastarfi.

Starfsnámsbraut býður upp á fjögurra ára nám fyrir nemendur sem stundað hafa nám í sérdeildum grunnskólanna eða notið mikillar sérkennslu á grunnskólastigi. Í boði er starfsnám í fataiðn, málm- og tréiðnaði.

Nýbúabraut. Í skólanum er öflugt tveggja ára nám fyrir nýbúa þar sem áhersla er á íslenskukennslu, en auk þess boðið upp á kennslu í ensku, tölvugreinum og stærðfræði. Nýbúabrautin er ætluð nemendum sem eru nýfluttir til landsins, vilja læra íslensku og auk þess laga þekkingu sína í ensku, stærðfræði og tölvugreinum að kröfum íslenskra framhaldsskóla

Janus endurhæfing ehf. er endurhæfingarúrræði í skólanum fyrir einstaklinga sem vegna heilsuþrestra eru eða hafa þurft að hverfa frá vinnumarkaðnum eða úr námi en vilja komast aftur út í atvinnulífið. Þjónustan er tengd Tæknimenntaskólanum varðandi kennslu og ýmsa þjónustu en starfar að öðru leyti sjálfstætt.

Tæknimenntaskólinn hefur áfram umsýslu með almennu námi fyrir raunfærninemendur. Fyrir það starf hefur Tæknimenntaskólinn og kennarar hans fengið mikið hrós, bæði frá nemendum sem og Iðunni - fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Námsframboðið fyrir raunfærninemendur miðast við almennu greinarnar sem iðnaðarmenn þurfa að ljúka fyrir sveinspróf og kennslufyrirkomulagið er í lotum.

Hönnunarbraut sameinast Tæknimenntaskólanum

Við sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans var hönnunarbrautin tekin út úr Hönnunar- og handverksskólanum og starfaði hún sjálfstætt undir stjórn aðstoðarskólameistara frá hausti 2015 til vors 2016. Haustið 2016 fór hönnunarbraut undir Tæknimenntaskólanum.

Ný hönnunar- og nýsköpunarbraut

Haustið 2016 fór af stað ný braut, reyndar tvær brautir:

- Hönnunar- og nýsköpunarbraut – stúdentsleið
- Hönnunar- og nýsköpunarbraut – fornám, eins árs nám fyrir nemendur með stúdentspróf.

Markmið hönnunar- og nýsköpunarbrautar er að búa nemendur undir hönnunar- og tæknitengdar greinar á háskólastigi. Náminu lýkur með stúdentsprófi og er ætlað að brúa bil á milli verklegrar og tæknilegrar þekkingar og aðferða í hönnun þar sem unnið er með hönnunarferli í lausnaleyti. Auk þess er í boði fornám fyrir þá nemendur sem þegar hafa stúdentspróf, en vantar undirbúning fyrir háskólanám í hönnunar- eða tæknitengdum greinum. Útskrifaðir nemendur af hönnunar- og nýsköpunarbraut eiga góða möguleika á að komast inn í listaháskóla bæði á Íslandi og erlendis og hönnunarbrautin er einn besti undirbúningur sem nemendur eiga kost á ef þeir stefna á nám í hönnun og arkitektúr.



Námsbrautirnar tilheyra Tæknimenntaskólanum en brautar-/fagstjórar eru Helga Guðrún Helgadóttir og Þórdís Zoëga.

Kennarar og starfsmenn

Við Tæknimenntaskólann á haustönn 2016 störfuðu 48 kennarar í fullu starfi, stundakennararnir voru nokkuð margir, sérstaklega sem koma að kennslu verklegra áfanga á starfsnámsbraut. Í einhverfudeild störfuðu 6 þroskaþjálfar auk 6 stuðningsfulltrúa. Út frá starfsmannahliðinni eru því um 60 starfsmenn undir Tæknimenntaskólanum og í raun hver einasti nemandi skólans, því þeir koma allir við í almennu námi en útskrifast svo úr mismunandi skólum.

Stefna Tæknimenntaskólans eftir mikla stækkun og umrót er eftir sem áður að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði í anda þess hlutverks framhaldsskóla að stuðla að alhliða þroska nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Skólastjóri: Kolbrún Kolbeinsdóttir.



» 6.9 Upplýsingatækniskólinn

Upplýsingatækniskólinn býður upp á skapandi nám sem byggir á hugmyndavinnu, hönnun og upplýsingatækni, tekur mið af nýjum tímum og nýrri tækni við framsetningu upplýsinga og miðlun þeirra. Skólinn vinnur í nánú samstarfi við atvinnulífið og háskólastigið.

Í Upplýsingatækniskólanum eru fjórar námsbrautir.

Almenn námsbraut

Er fyrir 16–18 ára nemendur. Nemendur kynnast námi í Upplýsingatækniskólanum og styrkja undirstöðu sína í almennum greinum. Þessi braut er til dæmis heppileg fyrir þá nemendur sem hafa ekki nægan undirbúning til náms á tölvubraut skólans.

Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

Menntar fólk til starfa við allar hliðar á nútíma fjölmiðlun. Þar má nefna bókaútgáfu, blaðaútgáfu og netmiðlun, allt eftir því hvaða sérsvið er valið. Í náminu er fjallað um grafíska hönnun og framsetningu efnis fyrir prent-, net- og skjámiðla. Áhersla er m.a. á prentsmið, týpógráfíu og grafíska miðlun, umbrot, margmiðlun og textameðferð, stafræna uppbyggingu mynda og litstýringu. Brautin tekur mið af nýjum tímum og nýrri tækni við framsetningu upplýsinga og miðlun þeirra.

Fyrstu þrjár annirnar er sameiginlegt grunnnám en að því loknu er hægt að velja milli fjögurra sérsviða. Það eru grafísk miðlun, bókband, prentun og ljósmyndun sem allt eru löggiltar iðngreinar. Nemandi útskrifast af upplýsinga- og fjölmiðlabraut með prófskírteini sem vottar að hann hafi lokið burtfararprófi frá framhaldsskóla í viðkomandi sérnámi, sem krafist er til að geta hafið starfsþjálfun í fyrirtæki.

Tölvubraut

Markmið tölvubrautar er að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á sem flestum sviðum tölvutækninnar. Nám á Tölvubraut spannar breitt svið tölvunar- og kerfisfræði eins og: forritun, hugbúnaðarfræði, kerfisstjórnun, vefþróun, viðmótsþróun, gagnasafnsfræði, mekatronik og leikjagerð. Tölvubrautinni er ætlað það hlutverk að vera ávallt í forystu í kennslu tölvufræða á framhaldsskólastigi í íslenskum framhaldsskólum. Aðalmarkmið kennslu á tölvubraut er annars vegar að búa nemendur undir nám í tölvunarfræðum og/ eða hugbúnaðarverkfræði á háskólastigi og hins vegar að gera nemendum kleift að ganga til starfa í hugbúnaðarfyrirtækjum eða tölvudeildum fyrirtækja og takast þar á hendur starfsþjálfun. Nánar til tekið felur þetta í sér:

- Hæfni til að leysa fjölbreytileg og krefjandi verkefni í atvinnulífinu með notkun upplýsingatækninnar
- Hæfni til áframhaldandi náms á háskólastigi
- Markvissan undirbúning fyrir alþjóðlegar prófgráður, s.s. Cisco Certified Network Associate, CompTIA, Linux Professional Institute (RedHat, Ubuntu) og Microsoft gráður

K2 Tækni- og vísindaleiðin

K2, tækni- og vísindaleiðin er nám sem er sérhannað fyrir nemendur sem vilja öflugan undirbúning fyrir háskólanám. Námsbrautin heitir K2, með skírskotun í næsthæsta fjallstind heims. Nafnið vísar í einstaka áskorun í námi með krefjandi námsfyrirkomulagi og áherslu á verkefnamiðaða vinnu. Hverri önn er skipt upp í þrjár lotur þar sem tveir áfangar eru kenndir í senn. Námið er skipulagt í samstarfi við Háskólann í Reykjavík (HR) og leiðandi tæknifyrirtæki og er sniðið að aðgangskröfum HR í tækni- og verkfræðideild og tölvunarfræðideild. Hluti námsins fer fram í húsakynnum HR. Valgreinar nemenda eru iðngreinar að eigin vali í Tækniskólanum sem veita einstaka innsýn og færni á fjölbreyttara sviði en ella. Atvinnulífið spilar stóran sess í náminu því nemendur munu vinna lokaverkefni í samstarfi við fyrirtæki í lok hverrar annar.

Markmiðið brautarinnar er að gefa sterkum námsmönnum einstakt tækifæri til þess að:

- Fá krefjandi verkefni og þjálfast í því að hugsa út fyrir rammann.
- Tengjast háskólaumhverfinu og efla tengslanet sitt í atvinnulífinu.

Nýjungar og frammistaða í keppnum

Skólafarir árið 2016–2017 gekk vel, bryddað var upp á ýmsum nýjungum í kennsluháttum og námskrár voru í stöðugri endurskoðun.

- Nemendur í grafískri miðlun héldu metnaðarfullar útskriftarsýningar í nóvember og apríl sem vöktu mikla athygli.
- Mikið hefur verið lagt upp úr því að efla samstarf við atvinnulífið á undangengnu skólaári og sjáum við afraksturinn í mun fleiri nemaplássum í grafískri miðlun og prentun. Vinnustaðakynningar og heimsóknir eru drjúgur hluti náms á seinni önn í grafískri miðlun, enda er þar um að ræða verk-námsönn, ætlaða til styttingar starfsþjálfunar og kennsla því í miklum tengslum við atvinnulífið.
- Á sérsviði í ljósmyndun héldu nemendur bæði einkasýningar og samsýningar á lokaverkefnum og var mikil gróska í starfinu.
- Á undanförunum árum hefur verið farið í markvisst áttak til að auka áhuga á námi í bókband og prentun m.a. með því að kenna inngangsáfangu í báðum greinum og núna eru þessir áfangar orðnir að skylduáföngum fyrir alla nemendur sem eru á upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Úr prentun útskrifuðust tveir nemendur úr prentun á haustönn 2016 og einn á vorönn 2017. Úr bókbandi útskrifaðist einn nemandi úr bókbandi á vorönn 2017.
- Mikil áhersla var lögð á samstarf milli deilda skólans, t.d. starfar ljósmyndadeild með gullsmíðadeild og hársnyrtibraut.
- Nemendur tölvubrautar stóðu sig afar vel í Forritunarkeppni framhaldsskólanna, og sigruðu keppnina á vorönn 2017. Einn af nemendum úr liðinu er að fara á ólympíuleikana í Íran á þessu ári.
- Samstarf við Iðuna - fræðslusetur er töluvert, endurmenntunarnámskeið fyrir prentiðnaðinn eru haldin í Upplýsingatækniskólanum og eiga kennarar í grafískri miðlun, prentun og bókbandi alltaf tvö sæti frátekin þeim að kostnaðarlausu á öllum námskeiðum.
- Nokkrir kennarar Tölvubrautar eru meðlimir í Skýrslutæknifélaginu og fá allar upplýsingar sendar um starf þess félags sem er leiðandi í umræðu og umfjöllun um upplýsingatækni í samfélaginu. Upplýsingatækniskólinn er alltaf með kynningu á UT-Messunni á vorönn sem hefur gengið mjög vel undanfarin ár.
- Starf með fagráðum hefur gengið vel þar sem þau eru virk og þá sérstaklega í grafískri miðlun og prentun.
- Forritunarkeppni Grunnskólanna var haldin í annað sinn á vorönn 2017 og gekk mjög vel en hún er samvinnuverkefni nemenda og kennara á tölvubraut.
- Kennsla á K2, tækni- og vísindaleið hófst á haustönn 2016 og hefur gengið mjög vel. Nemendur eru mjög ánægðir í náminu sem og kennarar sem kenna við brautina.
- Ljósmyndadeildin er flutt í Vörðuskóla og hefur það góð áhrif á innritun í ljósmyndun. Deildin eru orðin sýnilegri og gott að fá þessa nemendur í hús.
- Í júlí eru fimm nemendur af Tölvubraut að fara að keppa í vélsmíðagerð í Washington og verður spennandi að sjá hvernig það mun ganga.
- Nemendur í grafískri miðlun fengu styrk frá Erasmus - K1 og munu fara til Danmerkur haustið 2017.
- Vorið 2017 útskrifuðust 53 úr Upplýsingatækniskólanum og eru það mun fleiri heldur en undanfarin ár.

Mikið þróunarstarf hefur verið unnið í Upplýsingatækniskólanum á undanförunum árum í tengslum við innleiðingu nýrra námskráa. Námskrár tölvubrautar og upplýsinga- og fjölmiðlabrauta sem samdar voru á grundvelli nýrra framhaldsskólalaga hafa verið kenndar síðan haust 2010 og reynst vel en í námskrá upplýsinga- og fjölmiðlagreina er til dæmis gert ráð fyrir lengingu sérsviða. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í kennslutilhögun og allt nám er verkefnastýrt. Námsmat er að mestu leyti símat og leiðsagnarmat og ferilmöppur eru lagðar til grundvallar innritunar á sérsviði í ljósmyndun og grafíska miðlun.

Að tilraunakenna nýjar námskrár þýðir í raun að skólinn er í stöðugu endurmati og í stöðugri samræðu um kennsluaðferðir og námsmat, markmið og hæfnikröfur. Segja má að skólinn hafi því undanfarin ár verið suðupottur fyrir nýjar hugmyndir og skólaþróun.



Aðsókn að Upplýsingatækniskólanum hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og ekki hefur verið hægt að innrita alla sem sótt hafa um nám. Sérstaklega á það við um nám á tölvubraut þar sem aðsókn hefur aukist hlutfallslega meira en á upplýsinga- og fjölmiðlabraut þó aðsókn hafi þó einnig aukist töluvert þar. Tölurnar hér fyrir ofan sýna þetta glögg.

Skólastjóri: Guðrún Randalín Lárusdóttir

» 6.10 Vél-tækniskólinn

Talsverðar breytingar urðu á Vél-tækniskólanum við sameiningu Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans. Skólinn hefur nú í tvö ár verið með tvær starfsstöðvar, aðra í Hafnarfirði og hina á Háteigsvegi.

Vél-tækniskólinn annast kennslu í greinum vélstjórnar til alþjóðlegra réttinda, allt frá vélavörslu á minni bátum til vélstjórnar á fiski- og farskipum að ótakmarkaðri stærð og farsviði, og til stúdentsprófs. Skólinn annast einnig kennslu í vélvirkjun, stálsmiði og rennismiði, auk kennslu allra réttindatengdra námskeiða fyrir vélgæslumenn.

Nemendur fá þjálfun í meðferð véla og tæknibúnaðar á sérhæfðum verkstöðvum og í fullkomnum vélhermum. Nemendur úr vélstjórn geta starfað um allan heim á skipum hvort heldur er við fiskveiðar, flutninga eða á stærstu farþegaskipum, að öðrum kröfum uppfylltum. Útskrifaðir vélfræðingar (efsta stig vélstjórnarnáms) hafa einnig gott orð á sér sem háskólanemendur vegna reynslu sinnar úr starfsnámi og færni við að takast á við flókin verkefni og leysa þau farsælega. Nemendur úr vélvirkjun, stálsmiði og rennismiði geta tekist á við fjölbreytt verkefni á sviði vél- og málmtækni, hvort sem er héraendis eða erlendis.

Mikil eftirspurn er eftir iðnmenntuðu fólki og í málmiðnað vantar sérstaklega stálsmiði og rennismiði og skólinn reynir eftir mætti að vekja athygli nemenda á kostum iðngreinanáms skólans.

Skrúfudagurinn og félagslíf

Nemendur Vél-tækniskólans skipuleggja Skrufudaginn í samvinnu við kennara og stjórnendur skólans. Að venju kom fjöldi fólks í heimsókn í mars 2016, ræddi við nemendur og starfsfólk og kynnti sér fjölbreytta starfsemi og búnað skólans.

Nemendur í vélstjórn á Háteigsvegi eru með félag sem heldur uppi félagslífi og í félagsherberginu sem flutt hefur verið af jarðhæð upp á fjórðu hæð er líf og fjör alla daga. Nemendur sjá sjálfir um að móta, þróa og byggja upp þetta starf.

Skólastjóri: Jón Hjalti Ásmundsson.



7. KJARNASKÓLAHLUTVERK TS

Samkvæmt þjónustusamningi Tækniskólans, skóla atvinnulífsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið þá er Tækniskólinn kjarnaskóli í skipstjórnar- og vélstjórnargreinum. Tækniskólinn hefur lagt sig fram um að rækja það hlutverk af alúð og samvisskusemi.

Helstu verkefni Skipstjórnar- og Vélækniskólanna sem kjarnaskóla á undanförunum árum hafa verið margvísleg og tengst fjölbreyttum verkefnum. Meginverkefnin hafa annars vegar verið samstarf og ráðgjöf til innlendra skóla og hins vegar samstarf við stjórnvöld um réttindamál og þróun náms.

Vélækniskólinn boðar aðra skóla sem kenna vélstjórnargreinar reglulega til funda þar sem fjallað er um námið í heild og hvernig staðið er að kennslu í einstökum greinum. Einnig eru menntunarkröfur og breytingar á samþykktum IMO kynntar, ásamt innleiðingum á breytingum á alþjóðlegum menntunarkröfum samkvæmt STCW.

Vélækniskólinn býður kennurum og öðrum starfsmönnum annarra skóla til heimsóknna til að kynnast starfsemi og einnig hafa skólastjóri og kennarar farið í skólaheimsóknir til að fá yfirlit um starfið í skólum sem kenna vélæknigreinar.

Skipstjórn í dagskóla er eingöngu kennd hjá Skipstjórnarskólanum með reglubundnum hætti, en aðrir skólar og endurmenntunarstofnanir kenna skipstjórn óreglulega og í námskeiðum og hefur Skipstjórnarskólinn veitt þeim mikilvæga aðstoð og samvinna verið góð. Samstarf var tekið upp við Menntaskólann á Ísafirði um nám á fyrstu stigum skipstjórnar á árinu 2014. Unnið er að heildarendurskoðun á námsskrá skipstjórnarnáms í samræmi við breyttar kröfur IMO og mun það skila sér til allra sem kenna skipstjórnargreinar. Vélstjórn er kennd víða á landinu og hefur Vélækniskólinn gegnt mikilvægu hlutverki sem kjarnaskóli í að gera þeim skólum kleift að halda úti kennslu, sérstaklega með tilliti til þeirra alþjóðakrafna sem að náminu lúta. Skólar nýta aðstöðu og tækjabúnað Vélækniskólans í Reykjavík og hafa kennarar Vélækniskólans gjarnan kennt ákveðna þætti bæði í Reykjavík sem og hjá skólunum í þeirra heimabyggð. Tækniskólinn útskrifar sameiginlega með nokkrum skólum þeirra nemendur og er það gert til staðfestingar á því að námið sé samkvæmt þeim reglum sem vottun Tækniskólans byggir á.

Skólarnir starfa með Siglingastofnun að ýmsum faglegum þáttum sem lúta að IMO og er ráðgefandi varðandi menntunartig og réttindaútgáfu stofnunarinnar.

Vélækni- og Skipstjórnarskólarnir eru í góðum tengslum við skóla á Norðurlöndunum og hafa skólastjórar og kennarar farið í heimsóknir til Finnlands, Danmerkur og Noregs til að kynnast hvernig staðið er að menntun vélstjóra í þessum löndum.

Fagkennarar skólans sækja reglulega fagfundi, svo sem til framleiðanda siglinga- og vélhermanna, og kappkosta að nýta þau sambönd og upplýsingar sem þar fást til að auka þekkingu sína og annarra kennara í faglegu starfi. Skólarnir kappkosta að vera í góðu sambandi við fyrirtæki og einstaklinga um ýmsa þætti menntunarinnar, svo sem við rannsóknir og tilraunir til að prófa nýjar leiðir í nýtingu á orkugjöfum.

Tækniskólinn hefur ekki haldið sérstaklega utan um ráðstöfun fjármuna vegna verkefnis kjarnaskóla þar sem mjög erfitt er að meta til fjár margt af því sem skólinn gerir og tengist hlutverki hans sem kjarnaskóla beint eða óbeint.

Tækniskólinn lítur svo á að hann rækti vel það mikilvæga hlutverk að vera kjarnaskóli og telur að hlutverk skólans sé vel metið af samstarfsskólum.

8. FÁMENNAR NÁMSBRAUTIR

Tækniskólinn hefur þá skyldu samkvæmt þjónustusamningi dags, 18/03/2013 „að halda uppi kennslu á fámennum námsbrautum“ fær til þess sérstakt framlag. Framlagið skal mæta kostnaði við starfrækslu brautanna sem er umfram það sem reiknilíkan framhaldsskólanna ætlar til þeirra.

Á tímabili núgildandi þjónustusamnings hafa orðið miklar breytingar á vinnumarkaðnum og það endurspeglast í aðsókn í verk- og tæknináms. Þannig hafa greinar sem voru í ágætis jafnvægi orði að fámennum greinum sem í raun eru ekki rekstrarhæfar.

Árið 2016 veitti skólinn þjónustu við eftirtaldar fámennar iðngreinar: múrsmíð, veggfóðrun og dúklagnir, bókbænd og prentun. Þjónustan er veitt með ýmsum hætti en algengast er að skólinn semji við fyrirtæki í atvinnulífinu um að þjálfa nemendur í ákveðnum fagþáttum og skólinn greiði fyrir það. Dæmi um slíkt er bókbænd þar sem samið hefur verið við Þjóðarbókhöðuna um að annast tiltekna fagþætti í handbókbændi undir handleiðslu iðnmeistara í faginu. Prentsmiðjan Oddi hefur síðan kennt vélbókbændið. Skólinn greiðir leiðbeinendunum og einnig umsjónarmanni skólans sem leggur upp verkefni og fylgist með framkvæmdinni.

Ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um kostnaðinn við þessa þjónustu en nokkuð augljóst er að hann er meiri en sú upphæð sem skólanum er ætluð til verksins. Metnaður skólans er að halda úti öllum þeim námsbrautum sem skólinn hefur kennt á undanförunum árum og halda þannig lífi í greinum sem ekki eru mannmargar en nauðsynlegar fyrir atvinnulífið í landinu. Þannig er stuðlað að því að hefðir og handverk tapist ekki því að alkunna er að það er auðveldara að styðja en reisa.

9. ÝMSAR TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLAHALD

Almanaksárið 2016 voru í Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins, á vorönn 1944 nemendur og á haustönn 1878 nemendur í dagskóla. Töflurnar hér fyrir neðan sýna þróun nemendafjölda dagskóla eftir skólum.

» 9.1 Yfirlit yfir nemendafjölda á einstökum brautum í 2008–2016

Fjöldi nemenda eftir brautum og skólum dagskóla:

Skóli	Braut nemenda	2008 Haust	2009 Vor	2009 Haust	2010 Vor	2010 Haust	2011 Vor	2011 Haust	2012 Vor	2012 Haust	2013 Vor	2013 Haust	2014 Vor	2014 Haust	2015 Vor	2015 Haust	2016 Vor	2016 Haust	
Byggingatækniskólinn	Almenn námsbraut Byggingatækniskólans					5	7	13	11	11	9	2	5	8	10	4	3	5	
	Grunnnám tréiðna	49	38	30	15	14	10	23	1	8	2	10	6	12	6	11	17	77	
	Húasmíði	62	116	105	103	80	74	63	67	58	55	63	57	49	49	85	82	67	
	Húsgagnasmíði	10	8	20	32	34	45	55	50	50	45	60	59	53	52	53	48	46	
	Málaraíðn	23	50	38	44	30	43	31	38	33	39	26	22	23	21	24	25	23	
	Múriðn	35	40	28	26	24	23	12	20	16	18	13	11	7	18	13	27	20	
	Pípulagnabraut															69	42	53	
	Tækniþekking	85	83	82	66	55	52	58	44	51	44	43	36	34	31	51	48	38	
	Veggfóðrun og dúkalagnir		5	4	6		1	1	5	6	4	2	4	1	3	2	1	2	
Byggingatækniskólinn Samtals		264	340	307	292	242	255	256	236	233	216	219	200	187	190	312	293	331	
Handverksskólinn	Almenn námsbraut Handverksskólans					10	12	29	14	14	11	16	5	6	4	6	11	13	
	Fataíðn	46	53	28	39	29	31	23	29	6	14	39	32	23	34	6	14	15	
	Gull- og silfursmíði	20	22	25	27	26	22	20	23	20	20	13	22	21	21	19	18	15	
	Hársnyrtibraut	118	114	137	125	128	115	103	104	105	98	95	89	91	73	113	90	100	
	Fatatækni	37	53	83	90	101	101	112	98	110	98	72	50	68	59	59	61	39	
	Skósmíði															1			
Handverksskólinn Samtals		221	242	273	281	294	281	287	268	255	241	235	199	209	191	204	194	182	
Hönnunarbraut	Almenn námsbraut Hönnunarbraut					9	9	24	13	8	7	6	2	8	3	5	3		
	Keramikhönnun	8	9	10	6	6	2	7	5	8	5		2	1	1				
	Hönnunarbraut	138	151	126	124	80	78	87	84	77	78	92	82	88	89	64	52	37	
Hönnunarbraut Samtals		168	180	192	174	134	125	162	144	137	144	150	125	135	126	163	131	59	
Myndlistaskólinn	Kjörsvið textil					12	34		15	12	12	14	14	13	12	15	14		
	Mótun	20	17	26	25	49	31	26	32	17	20	17	12	15	14	11	11		
	Teikning								1	14	14	14	13	16	16	15	15		
Myndlistaskólinn Samtals		20	17	26	25	61	65	26	48	43	46	45	39	44	42	41	40		
Raftækniskólinn	Almenn námsbraut Raftækniskólans					3	3	10	2	3	1	6	7	5	2	8	6	8	
	Grunnnám rafíðna	109	115	128	102	103	81	110	76	94	75	79	80	65	67	134	122	147	
	Grunnnám rafíðna Hraðferð	15	26	17	12	16	2	15	2	16	17	20	26	34	17	15	24	22	
	Rafeindavirkjun	33	30	37	45	51	59	54	64	59	44	40	29	42	48	41	22	37	
Raftækniskólinn Samtals		187	208	226	213	224	196	226	197	212	175	182	171	178	173	265	224	258	
Skipstjórnarskólinn	Almenn námsbraut Skipstjórnarskólans					1	1	1	1	1									
	Skipstjórnarskólinn	87	62	70	67	86	80	92	90	99	95	104	84	96	94	99	80	70	
Skipstjórnarskólinn Samtals		87	62	70	67	87	80	93	91	99	95	104	84	96	94	99	80	70	
Tækniakademían	Margmiðlunarskólinn	60	66	62	55	60	58	68	70	71	65	63	59	65	60	48	41	21	
	Veftækni															19	17	15	
Tækniakademían Samtals		60	66	62	55	60	58	68	70	71	65	63	59	65	60	67	58	36	
Tæknimenntaskólinn	Almenn braut	164	106	43	26	10	9	13	5	11	1					33	24	13	
	Almenn námsbúnaðarbraut	107	98	153	127	76	86	94	89	97	69	87	79	76	79	81	82	70	
	Janus endurhæfing	7	23	21	16	27	22	28	34	37	40	29	31	29	21	23	25	21	
	Náttúrufræðibraut	19	13	17	14	9	11	11	10	13	9	9	7	7	7	10	10	11	
	Náttúrufræðibraut-flugtækni	77	87	64	56	41	34	42	34	27	22	24	22	22	19	18	18	16	
	Náttúrufræðibraut - raftækni		1		2	5	6	11	12	18	20	19	15	20	13	13	13	13	
	Náttúrufræðibraut - skipstækni	1	1	1	1														
	Náttúrufræðibraut - tölvutækni													6	4	14	12	11	
	Náttúrufræðibraut - véltækni	7	6	3	3	3	1	1	1										
	Starfsnám	36	36	45	37	43	37	40	34	29	22	25	28	34	28	47	47	64	
	Stúdentspróf af list- og starfsbr.	3	9	25	22	25	36	23	32	35	28	33	21	24	27	29	23	15	
	Tækniþekking	1	1	3															
	Tæknimenntaskólinn Samtals		422	381	375	304	239	242	263	251	267	211	226	205	218	198	268	254	234
Upplýsingatækniskólinn	Almenn námsbraut Upplýsingatækniskólans					9	1	42	10	23	17	14	13	37	22	28	21	53	
	Ljósmyndun	9	12	21	12	12	19	13	31	29	23	29	19	19	17	15	13	9	
	Prentsmíð	14	18	31	37	36	44	30	26	33	25	33	23	25	34	38	26	27	
	Prentun	3	3	6	6	2						1	1	3	2	4	1		
	Tölvubraut	210	206	234	234	217	211	248	257	281	295	322	308	307	306	318	296	310	
	Upplýsinga- og fjölmiðlabraut	177	170	167	175	142	111	139	114	104	121	116	126	113	84	84	92	103	
	Bókband		1			1	3							4	1	1	3		
Upplýsingatækniskólinn Samtals		413	410	459	464	419	389	472	438	470	481	515	490	508	466	488	452	502	
Véltækniskólinn	Almenn námsbraut Véltækniskólans					1	1	2	3	6	7	5	9	8	6	2	1	10	
	Grunnnám málmíðna			14	16	10	4	4	3	4				4	1				
	Véltækniskólinn	182	170	183	183	173	183	187	191	195	187	197	191	200	180	190	177	169	
	Grunnnám bíliðna															16	12	1	
	Rennismiðabraut															8	8	5	
	Stálsmiðabraut															7	5	7	
Véltækniskólinn Samtals		182	170	197	199	184	188	193	197	205	194	202	204	209	186	241	218	206	
Tækniskólinn		2024	2076	2187	2077	1944	1879	2046	1940	1992	1868	1941	1776	1849	1726	2148	1944	1878	

Dreifnám 2008–2016

Fjöldi nemenda í dreifnámi:

Skóli	Haut 2008	Vor 2009	Haut 2009	Vor 2010	Haut 2010	Vor 2011	Haut 2011	Vor 2012	Haut 2012	Vor 2013	Haut 2013	Vor 2014	Haut 2014	Vor 2015	Haut 2015	Vor 2016	Haut 2016
Byggingatækniskólinn	175	198	155	106	43	56	34	29	15	14	16	11	49	34	73	45	81
Raftækniskólinn	69	86	43	3	17	14	29	9	1	1	3	1	11	14	27	53	77
Skipstjórnarskólinn	17	121	280	179	107	204	339	190	151	269	235	193	182	198	163	103	107
Tækniakademían	301	297	284	264	238	201	255	250	248	213	214	173	199	185	206	202	213
Tæknimenntaskólinn	51	73	49	33	21	20	30	35	30	28	28	24	28	54	28	20	30
Upplýsingatækniskólinn	88	105	71	71	41	51	46	38	54	45	91	68	47	61	68	40	28
Véltækniskólinn	5	38	43	31	41	29	35	47	45	36	47	37	34	40	36	31	30
Tækniskólinn samtals	706	918	925	687	508	575	768	598	544	606	634	507	550	586	601	494	566

Nemendaígildi í dreifnámi:

Skóli	Haut 2008	Vor 2009	Haut 2009	Vor 2010	Haut 2010	Vor 2011	Haut 2011	Vor 2012	Haut 2012	Vor 2013	Haut 2013	Vor 2014	Haut 2014	Vor 2015	Haut 2015	Vor 2016	Haut 2016
Byggingatækniskólinn	44	40	30	23	9	13	4	7	5	3	3	6	7	7	14	13	19
Raftækniskólinn	10	17	5	3	2	2	5	0	1	2	1	2	4	4	5	11	15
Skipstjórnarskólinn	2	17	30	24	18	25	44	30	26	42	34	34	27	31	26	30	26
Tækniakademían	61	55	51	50	46	36	49	48	46	40	40	29	37	30	38	36	51
Tæknimenntaskólinn	26	27	25	15	21	17	27	23	19	21	21	19	19	19	18	16	12
Upplýsingatækniskólinn	13	15	10	11	8	9	10	8	8	5	13	11	7	8	11	3	4
Véltækniskólinn		4	2	4	2	3	3	6	6	4	9	4	4	3	6	6	4
Tækniskólinn samals	156	174	152	130	106	105	143	122	110	116	120	106	105	102	119	115	131

Aldursdreifing í skólanum

Fjöldi nemenda að 18 ára og 19 ára og eldri:

Skóli	Aldursbil	2008 Haut	2009 Vor	2009 Haut	2010 Vor	2010 Haut	2011 Vor	2011 Haut	2012 Vor	2012 Haut	2013 Vor	2013 Haut	2014 Vor	2014 Haut	2015 Vor	2015 Haut	2016 Vor	2016 Haut
Byggingatækniskólinn	18 og undir	62	75	83	47	60	30	43	30	44	31	46	27	31	14	64	38	101
	19 og yfir	202	265	224	245	182	225	213	206	189	185	173	173	156	176	248	255	230
Raftækniskólinn	18 og undir	67	78	64	36	47	21	44	25	48	26	41	27	37	17	82	47	90
	19 og yfir	120	132	162	178	177	175	182	172	166	149	143	144	141	156	186	177	172
Skipstjórnarskólinn	18 og undir	7	5	9	5	11	5	7	3	3	2	8	4	14	8	12	4	8
	19 og yfir	80	57	61	62	76	75	86	88	97	93	96	80	82	86	87	76	62
Tæknimenntaskólinn	18 og undir	240	205	155	93	97	62	97	55	80	39	83	63	84	56	130	89	127
	19 og yfir	182	176	220	211	142	180	166	196	187	172	143	142	134	142	138	166	109
Upplýsingatækniskólinn	18 og undir	168	161	162	123	160	105	212	150	215	152	236	165	227	164	231	147	270
	19 og yfir	245	249	297	341	259	284	260	288	255	329	279	325	281	302	257	317	269
Véltækniskólinn	18 og undir	38	36	47	29	45	26	42	28	35	14	19	10	30	15	64	42	56
	19 og yfir	144	134	150	170	139	162	151	169	170	180	183	194	179	171	205	204	163
Handverksskólinn	18 og undir	59	45	67	37	67	42	63	38	55	31	45	24	45	31	46	27	36
	19 og yfir	162	197	206	244	227	239	224	230	200	210	190	175	164	160	158	167	146
Hönnunarbraut	18 og undir	35	45	34	20	31	13	25	17	24	18	18	6	18	16	42	24	32
	19 og yfir	133	135	158	157	103	112	137	127	113	126	132	119	117	110	121	107	70

Meðalaldur nemenda 2008–2016

Meðalaldur nemenda eftir skólum í dagnámi:

Skóli	2008 Haut	2009 Vor	2009 Haut	2010 Vor	2010 Haut	2011 Vor	2011 Haut	2012 Vor	2012 Haut	2013 Vor	2013 Haut	2014 Vor	2014 Haut	2015 Vor	2015 Haut	2016 Vor	2016 Haut
Byggingatækniskólinn	24,0	24,6	23,3	25,1	23,7	25,9	25,0	26,6	25,5	25,7	25,3	26,9	26,2	24,7	26,8	25,1	23,4
Handverksskólinn	22,4	23,2	22,5	24,2	22,9	23,8	23,3	24,0	23,2	24,2	23,7	25,0	23,6	24,2	25,0	25,5	24,4
Hönnunarbraut	23,0	22,4	23,3	23,7	22,1	22,6	22,7	23,9	23,0	23,7	23,3	24,5	23,6	25,3	25,5	26,0	22,5
Raftækniskólinn	22,2	22,5	22,4	23,9	24,1	25,2	23,3	24,7	23,5	24,1	23,3	24,3	24,6	22,6	25,3	23,3	22,1
Skipstjórnarskólinn	29,7	29,1	26,7	28,1	26,2	27,9	27,7	28,8	27,3	29,1	28,3	28,7	26,7	26,2	26,8	27,7	26,1
Tæknimenntaskólinn	20,9	21,9	23,1	23,7	22,2	23,2	22,1	24,1	24,5	25,0	22,7	24,6	22,7	20,9	23,3	21,8	20,0
Upplýsingatækniskólinn	21,6	21,3	21,6	22,5	21,1	22,0	20,5	21,7	21,1	22,1	20,6	21,4	20,5	20,3	20,9	21,2	20,1
Véltækniskólinn	24,6	24,0	22,9	24,4	22,6	24,1	23,5	24,5	23,7	25,1	24,2	25,5	24,4	23,3	25,2	23,9	22,4
Tækniskólinn	22,7	22,9	22,8	23,9	22,7	23,9	22,9	24,2	23,4	24,2	23,1	24,3	23,2	22,8	24,0	23,6	21,9

Meðalaldur nemenda eftir skólum í dreifnámi:

Skóli	Haust 2008	Vor 2009	Haust 2009	Vor 2010	Haust 2010	Vor 2011	Haust 2011	Vor 2012	Haust 2012	Vor 2013	Haust 2013	Vor 2014	Haust 2014	Vor 2015	Haust 2015	Vor 2016	Haust 2016
Byggingatækniskólinn	33,4	33,4	35,2	38,1	37,4	37,2	32,1	36,9	35,5	38,8	39,7	40,4	34,0	35,4	36,9	36,1	40,0
Raftækniskólinn	30,9	30,3	31,0	32,0	31,0	31,6	27,6	34,2	28,0	26,0	34,5	27,0	26,6	30,5	31,2	39,3	36,3
Skipstjórnarskólinn	33,9	36,0	36,6	36,4	35,9	37,3	35,9	36,7	36,4	37,1	36,3	35,0	34,4	34,6	33,3	34,3	34,3
Tækniakademían	33,2	34,1	33,5	33,9	33,8	34,1	32,7	33,7	33,6	33,7	34,4	35,8	35,8	37,0	36,3	37,6	36,6
Tæknimenntaskólinn	25,8	30,7	31,2	34,4	35,0	36,0	37,2	37,5	42,1	39,7	40,9	42,4	34,2	33,7	36,8	38,7	38,4
Upplýsingatækniskólinn	27,0	28,0	28,9	28,8	29,4	31,8	32,7	35,3	32,2	33,8	30,2	29,3	29,7	29,9	28,7	32,0	31,0
Véltækniskólinn	30,6	37,3	32,2	32,1	34,5	36,3	35,1	37,4	34,3	37,7	36,3	38,1	37,1	37,2	31,3	34,7	35,1
Tækniskólinn	32,4	33,3	34,0	34,5	34,2	35,3	34,0	35,2	34,8	35,7	35,1	35,6	34,7	35,3	34,5	36,1	36,2

» **9.2 Brottfall árið 2016**

Viðmið í afföllum eininga er hversu margar einingar eru við upphaf skólstarfs á hverri önn og hversu margar einingar skila sér til prófs. Ástæður þess að afföll eininga eru minni eru margar en þar má nefna að nemendahópurinn hefur verið að styrkjast og heildarviðvera nemenda í skólanum að batna.

Brottfall eininga í fagaföngum skóla:

Skóli nemenda	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Byggingatækniskólinn	17,7%	16,6%	18,1%	15,5%	14,7%	18,0%	13,0%	10,9%
Handverksskólinn	8,3%	7,7%	7,1%	7,9%	8,5%	11,2%	10,1%	10,6%
Hönnunarbraut	26,1%	23,7%	23,0%	22,7%	22,8%	21,4%	22,1%	11,7%
Raftækniskólinn	15,7%	14,2%	15,4%	15,7%	15,0%	14,6%	15,4%	17,3%
Skipstjórnarskólinn	9,8%	13,0%	10,8%	10,1%	6,0%	10,3%	9,4%	7,0%
Tækniakademían	5,5%	4,1%	2,8%	4,6%	4,3%	2,6%	7,9%	1,9%
Tæknimenntaskólinn	22,9%	22,4%	22,2%	22,6%	20,8%	23,6%	22,0%	18,9%
Upplýsingatækniskólinn	14,5%	15,9%	14,9%	13,8%	14,4%	17,0%	14,8%	11,2%
Véltækniskólinn	12,3%	13,5%	12,9%	11,7%	8,4%	7,6%	9,5%	4,8%
Tækniskólinn	17,1%	16,3%	16,0%	15,8%	14,7%	16,8%	15,7%	12,8%

Brottfall eininga í almennum greinum:


Skóli nemenda	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Byggingatækniskólinn	30,3%	27,8%	27,6%	27,0%	25,8%	31,1%	30,3%	28,9%
Handverksskólinn	28,2%	20,3%	26,2%	27,0%	24,2%	30,0%	31,5%	22,8%
Hönnunarbraut	25,0%	22,9%	27,0%	23,2%	24,6%	25,0%	23,9%	11,7%
Raftækniskólinn	30,5%	26,7%	27,7%	28,9%	22,0%	30,9%	24,7%	20,8%
Skipstjórnarskólinn	14,8%	27,0%	20,6%	19,6%	21,8%	20,1%	25,5%	19,1%
Tæknimenntaskólinn	20,3%	19,9%	18,1%	20,0%	20,4%	20,5%	19,3%	19,4%
Upplýsingatækniskólinn	22,1%	24,1%	22,2%	23,1%	20,7%	24,9%	21,2%	18,1%
Véltækniskólinn	15,9%	16,0%	15,3%	17,3%	12,4%	13,4%	15,0%	11,1%
Tækniskólinn	22,9%	22,4%	22,2%	22,6%	20,8%	23,6%	22,0%	18,9%

Brottfall eininga í dreifnámi:

Skóli	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Byggingatækniskólinn	29,8%	24,0%	17,8%	22,9%	14,2%	28,9%	31,1%	26,4%	18,1%
Raftækniskólinn	46,5%	25,4%	18,1%	32,4%	39,1%	17,3%	19,4%	28,9%	30,3%
Skipstjórnarskólinn	0,0%	22,0%	16,0%	15,3%	17,3%	17,0%	16,7%	15,7%	16,1%
Tækniakademían	12,4%	13,0%	13,8%	9,8%	7,8%	6,7%	6,4%	8,5%	7,3%
Tæknimenntaskólinn	26,7%	23,3%	20,6%	15,7%	20,3%	12,0%	17,9%	17,6%	24,3%
Upplýsingatækniskólinn	24,8%	31,6%	18,1%	11,0%	17,4%	29,4%	26,3%	23,4%	36,8%
Véltækniskólinn		37,5%	21,8%	27,7%	23,7%	14,3%	23,5%	17,2%	27,5%
Tækniskólinn	24,5%	21,5%	16,5%	14,9%	14,6%	14,1%	16,4%	16,6%	17,8%

» 9.3 Kynjahlutfall í Tækniskólanum 2016

Ójafnvægi er í hlutfalli karla og kvenna í Tækniskólanum. Eins og sést á myndinni hér fyrir neðan eru enn sterkar „karla og kvenna“ greinar og þokast lítið í átt til jafnræðis í þeim greinum.



» 9.4 Brautskráningar

Árið 2016 útskrifuðust alls frá Tækniskólanum, skóla atvinnulífsins 591 nemendi með alls 676 skírteini af 82 brautum.

» 9.5 Áfangastjórn

Áfangastjóri hefur yfirumsjón með innritun, fjölda nemenda, kennslumagn og skiptingu þess milli skóla. Kennslumagni er úthlutað til skólastjóra sem skipta kennslu innan sinna skóla og leggja grunninn að stundatöflugerðinni. Í samvinnu við Advaníu hefur verið unnið að þróun á töflugerðarhluta Innu með það að markmiði að hver skóli geti verið sjálfstæður í stundatöflugerð og hafa orðið verulegar framfarir á því sviði. Einnig hefur áfangastjórn unnið að þróun nýs kennsluvefs Innu í samvinnu við Advaníu.

Áfangastjórn hefur umsjón með viðhaldi Innu, náms- og upplýsingakerfi skólans, útgáfu áfanga og brauta, einnig enskum útgáfum burtfararskírteina og nemendaferlum. Áfangastjórn heldur utan um próftöflugerð Tækniskólans í samvinnu við skólastjóra hvers skóla fyrir sig, og hefur yfirumsjón með prófahaldi skólans.

Útgáfa

Útgáfa á vegum áfangastjórnar er ýmiss, má þar nefna skólablaðið Tækniskólalínan sem er gefið út fjórum sinnum á ári. Þar má finna gagnlegar upplýsingar um þjónustu skólans, námið, val nemenda, mikilvægar dagsetningar og upplýsingar um skólagjöld.

Áfangastjórn gefur út myndrænt námsskipulag brauta skólanna, einnig rafrænar handbækur kennara og skólastjóra, ásamt gagnvirku yfirlitsskjali Rekstrarhandbókar. Einnig ýmis leiðbeiningarskjöl. Yfirlistsíða yfir allt útgefið efni má nálgast á áfangastjórnarsíðu Tækniskólans sem er á slóðinni: www.tskoli.is/namid/afangar-namsskipulag-utgafa/

Viðveruskráning og skólasókn

Til viðbótar við það starf sem unnið er í samvinnu við námsráðgjafa vegna eftirlits með skólasókn og námsárangri sendir áfangastjórn vikulega yfirlit til skólastjóra með upplýsingum um óskráða viðveru einstakra kennara. Á föstudögum er öllum nemendum ásamt forráðamönnum nemenda undir 18 ára sent yfirlit yfir skólasókn annarinnar í tölvupósti.

Áfangastjóri: Halldór Hauksson

» 9.6 Námsstjórn

Aðstoðarskólameistari sinnir starfi námsstjóra sem hefur ábyrgð á og eftirlit með námsskrárgerð og vinnur með námsráðgjöfum, skólastjórum og foreldraráði Tækniskólans.

9.6.1 Náms- og starfsráðgjöf

Við Tækniskólann starfa fjórir náms- og starfsráðgjafar og sinna þeir náms- og starfsráðgjöf við nemendur allra undirskóla Tækniskólans, dagnáms- og dreifnámsnemendur.

Náms- og starfsráðgjafar aðstoða nemendur við námsval, námsskipulag, námstækni og annað sem snýr beint að núverandi námi. Þeir leggja rafrænt skimunarpróf fyrir nýnema úr grunnskólum til að meta brotthvarfshættu og vinna sérstaklega með þeim nemendum sem mælast í mestri hættu á að hverfa frá námi. Þá er einnig samstarf við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning.

Náms- og starfsráðgjafar vinna með foreldrum nemenda yngri en 18 ára og fjölmörgum öðrum aðilum utan skólans s.s. félagsráðgjöfum, sálfræðingum, endurhæfingaraðilum og náms- og starfsráðgjöfum í skólakerfinu og á Vinnumálastofnun.

Náms- og starfsráðgjafar taka þátt í kynningum á skólanum utan hans og taka á móti væntanlegum nemendum. Þeir sitja í ýmsum nefndum á vegum skólans s.s. heilsunefnd, jafnréttisnefnd, áfallateymi og eineltisteymi.

Náms- og starfsráðgjafar aðstoða nemendur vegna persónulegra mála og vísa áfram þeim nemendum sem þurfa á frekari sérfræðiaðstoð að halda.

Námsráðgjafar eru fulltrúar nemenda innan skólans og gæta þeirra hagsmuna.

9.6.2 Foreldraráð

Foreldraráðið var stofnað 24. október 2008 á fyrsta starfsári Tækniskólans. Hlutverk þess er að styðja skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann að efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Ráðið tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

9.6.3 Námskrárgerð

Á árinu 2016 var áfram unnið í námskrárgerð og að endurskoðun þeirra námskráa sem þegar var fengin heimild til að tilraunakenna.

Unnið var við gerð nýrra námsbrauta í iðnmeistaránámi, hönnun og nýsköpun og endurskoðun á námi í margmiðlun auk þess að laga til námskrá í vefþróun sem var í tilraunakennslu.

Unnið er að því að skrifa allar námskrár skólans í námskrárgrunn samhliða endurskoðun og nýsmíði og fá þær samþykktar af Menntamálastofnun.

10. SJÁLFSMAT OG INNRA EFTIRLIT

» 10.1 Gæðakerfi

Grunnhugsunin á bak við gæðakerfi er að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans, að ferlar skólans séu gegnsær og þjónusta við nemendur sé eins og best verði á kostið. Það er ein af forsendum framþróunar að menn hugi stöðugt að endurbótum.

Alþjóðlegar samþykktir frá IMO, sem Ísland og þar með skólinn er aðili að, og lög frá Alþingi gera kröfur á skólann um vottað gæðakerfi skólans. Rökrétt er því að Skipstjórnarskólinn og Véltækniskólinn vinni eftir slíku kerfi. IMO gerir kröfu um úttekt á gæðakerfinu á fimm ára fresti eða oftar. Þessi úttekt er gerð af utanaðkomandi, óháðum aðila.

Tækniskólinn er ISO 9001:2008 vottaður og er ytri vottun framkvæmd á 6 mánaða fresti af Vottun hf.

Gæðakerfi skólans á að tryggja að skólinn uppfylli þær þarfir og væntingar sem nemendur og aðrir viðskiptavinir hafa til hans. Gæðakerfið er leiðarvísir um kennsluferli skólans, hver gerir hvað, hvernig og hvenær. Þetta ferli er stöðugt endurbætt og tekið út tvisvar á ári. Með gæðakerfi er verið að lýsa hvernig skólinn starfar og tryggja að unnið sé eftir þeim vinnureglum sem þar eru settar. Innihald gæðakerfis skólans er í Rekstrarhandbók hans sem opin er öllum í gegnum heimasíðu skólans, www.tskoli.is.

» 10.2 Kennslumat

Samkvæmt rekstrarhandbók skólans (gæðahandbók) er kennslumat framkvæmt meðal nemenda í skólanum á hverri önn og svara þeir spurningum í námskerfinu Innu um áfanga og kennslu. Spurningarnar eru svipaðar milli ára og er framkvæmdin á ábyrgð námsstjóra.

Þegar könnunni er lokið er opnað fyrir matið og það birt kennurum og heildarniðurstöður matsins eru settar á heimasíðu skólans. Skólastjórar ræða almennt niðurstöður kennslumatsins á fagfundum skóla eða í starfsmannasamtölum sem er sjálfstætt ferli VKL-205 Frammistaða starfsmanna.

Svör nemenda eru metin tölulega á kvarðanum 1-5, þannig er hægt að bera saman niðurstöður á milli anna. Hæsta mögulega einkunn væri því 5,00.

Tækniskólinn Kennslumat – meðaleinkunn:

Deild	Haust- og vorannir frá 2013 - 2016							Samtals
	H13	V14	H14	V15	H15	V16	H16	
Byggingatækniskólinn	4,28	4,22	4,17	4,25	4,28	4,35	4,39	4,28
Fjölmenningskólinn	3,93	3,86	4,03	4,16	4,35			4,06
Flugskóli Íslands			4,54					4,54
Handverksskólinn					4,63	4,58	4,63	4,61
Hársnyrtiskólinn	4,69	4,43	4,39	4,65				4,54
Hönnunar og handverksskólinn	4,40	4,32	4,34	4,35				4,35
Hönnunarbraut					4,29	4,31	4,30	4,30
Meistaraskólinn	3,97	4,04	3,70				4,09	3,95
Raftækniskólinn	4,17	4,16	4,17	4,25	4,23	4,24	4,25	4,21
Skipstjórnarskólinn	4,43	4,40	4,32	4,31	4,30	4,43	4,40	4,37
Tækniakademían	4,03	4,09	3,81	3,96	4,02	4,07	4,07	4,00
Tæknimenntaskólinn	4,28	4,43	4,08	4,14	4,15	4,14	4,22	4,20
Upplýsingatækniskólinn	4,29	4,27	4,17	4,25	4,28	4,31	4,33	4,27
Véltækniskólinn	3,99	4,20	3,97	4,09	4,02	4,20	4,11	4,08
Samtals	4,22	4,22	4,14	4,24	4,25	4,29	4,28	

» 10.3 Miðannarmat

Á hverri önn fer fram miðannarmat í Tækniskólanum. Þá gefa kennarar nemendum vitnisburð um stöðu þeirra í hverjum áfanga fyrir sig. Tilgangur miðannarmatsins er að gefa á einfaldan hátt vísbindingar um stöðu nemandans um miðja önnina. Vitnisburðurinn byggir fyrst og fremst á því námsmati sem þegar hefur farið fram í viðkomandi áfanga.

Vitnisburður á miðannarmati er gefinn í bókstöfum:

A = Ágætt. Nemandanum gengur ákaflega vel.
B = Í lagi. Nemandinn hefur tók á efninu en má ekki slá slöku við.
C = Ábótavant. Nemandinn þarf að taka sig á til að ná áfanganum.
X = Ekki forsendur til að gefa vitnisburð.

Miðannarmatið er hvatning til þeirra nemenda sem fá C að ganga af kappi í það að læra og leita aðstoðar hjá kennara eða námsráðgjafa til þess að skipuleggja námið í áfanganum. Þeir sem fá B eru hvattir til að slá ekki slöku við og helst að bæta árangurinn enn frekar. Þeir sem fá A eru hvattir til að halda áfram á sömu braut og gefa hvergi eftir.

» 10.4 Innri rýni

Skólameistarar í samvinnu við stjórnendur skólans ber ábyrgð á og hafa frumkvæðið í vinnunni með rýni stjórnenda, að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans og að unnið sé eftir þessu ferlum rekstrarhandbókar. Þar sem rekstrarráð er jafnframt gæðaráð skólans þá tvinnast gæðamál og önnur dagleg rekstrarmál skólans saman í heildarrekstur.

Rýni stjórnenda er sérstakur rekstrarráðsfundur sem er boðaður í lok hverrar annar. Til að undirbúa rýni stjórnenda tekur gæðastjóri saman skýrslu um greiningu á öllum frábrigðum, ábendingum/kvörtunum, úrbótum og forvörnum sem fram hafa komið á önninni.

Einnig er farið yfir gæðastefnu og markmið og metin þörf á auðlindum og umbótum. Nauðsynlegar aðgerðir og verkefni eru ákvarðaðar og settar á verkefnislista einstakra stjórnenda samkvæmt verklagi framkvæmdaráðs.

Skólameistari fylgir öllum verkefnum á verkefnislista stjórnenda eftir, en sér sérstaklega til þess að gæðatengdar aðgerðir fari í réttan farveg.

Rýniskýrslur stjórnenda má sjá á vef skólans: www.tskoli.is/taekniskolinn/skyrslur/ undir „Innra og ytra mat.“

Unnið er að heildarendurskoðun á gæðamarkmiðum skólans og í tengslum við þá vinnu verða mælistikur uppfærðar eða nýjar settar fram eins og við á.

Tækniskólinn - ytri úttektir

Á árinu 2016 fóru fram hefðbundnar viðhaldsúttektir á gæðakerfi skólans:

- Vottun ehf. viðhaldsúttekt vegna gæðavottunar vor 2016.
- Vottun ehf. viðhaldsúttekt vegna gæðavottunar haust 2016.

Í heild kom skólinn vel frá þessum úttektum og þær athugasemdir sem gerðar voru efnislega litlar og auðveldar í úrbótum.

Niðurstöður úttektanna er að finna á heimasíðu skólans: www.tskoli.is/taekniskolinn/skyrslur/ undir „Innra og ytra mat“ - „Viðhaldsúttektir Vottunar hf. vegna ISO-9001.“

11. FÉLAGSLÍF NEMENDA

Félagsmálafulltrúi starfar með nemendum að uppbyggingu og rekstri Nemendasambandsins (NST) og er tengiliður við skólameistara og yfirstjórn skólans. Sigurður Einar Jónsson hefur sinnt starfi félagsmálafulltrúa/nemendatengils síðan 1. janúar 2016 og fram til júní 2017.

» 11.1 Nemendasamband Tækniskólans

Nemendasamband Tækniskólans eða NST er eins og regnhlífasamtök fyrir öll undirfélög í Tækniskólanum. Í öllum skólum Tækniskólans eru starfrækt undirnemendafélög en þó misvirk. Skólafélög Tækniskólans eru og voru árið 2016, í eftirfarandi skólum:

- Byggingartækniskólanum
- Flugskóla Íslands, nefnt TF-NEF
- Handverksskólanum
- Margmiðlunarskólanum
- Raftækniskólanum
- Skipstjórnarskólanum, nefnt Nemendafélag stýrimanna
- Tæknimenntaskólanum
- Upplýsingatækniskólanum
- Vefskólanum
- Véltækniskólanum, nefnt SVIR



Þegar búið er að mynda stjórnir og ráð er kosið í stjórnendastöður innan hvernar stjórnar fyrir sig. Í flestum tilfellum er óskað eftir nemendum til þess að gegna stöðum innan slíkra stjórna eða ráða.

Ráð og nefndir - Auglýstir voru stofnfundir ráða og nefnda eins og skemmtinefndar, leikfélags og svo framvegis. Þessi ráð og nefndir hafa það hlutverk að virka eins og stuðningshópar í skipuriti NST. Sá greinarmunur hefur verið gerður á nefnd og ráði að nefnd hefur skyldum að gegna gagnvart NST en ráð eru hugsuð eins og áhugamannaklúbbar sem geta starfað með stuðningi NST, sem dæmi LAN-nefnd TS. Nefndir hafa þá greiðari aðgang að styrkjum frá NST. Í lok hvernar annar gefur félagsmálafulltrúi þeim nemendum sem verið hafa í forsvari fyrri félagsstörf 1-5 einingar fyrir störf sín í samráði við formenn félaga, klúbba og ráða.

» 11.2 Fjármál nemendafélaga

Með nýjum framhaldsskólalögum frá Mennta, og menningarmálaráðuneytinu sumarið 2008 var rekstur og ábyrgð á nemendafélagunum færð undir framhaldsskólana, sem þýðir meðal annars að starfsfólk skólanna sér um bókhald þeirra og í skaðabótamálum yrði skólinn ábyrgur. Fjármál nemendafélagana 2016 var í höndum Sigurðar Einars félagsmálafulltrúa/nemendatengils skólans, sem sá um að útteila fé, borga reikninga, uppgjör til bókhaldsdeildar og þess háttar. Bókhaldsdeild skólans sér um að halda utan um bókhald nemendafélagana í samstarfi við félagsfulltrúa og gjaldkera hvers félags fyrir sig.

» 11.3 Aðstaða nemendafélaga

Aðalskrifstofa NST er staðsett á 5. hæð skólans á Skólavörðuholti en NST er einnig með skrifstofu í Hafnarfirði á 2. hæð innangengt úr matsal nemenda. Önnur nemendafélgög sem hafa skrifstofu eru skólafélög Skipstjórnarskólans og Véltækniskólans. Nemendur geta svo óskað eftir aðgang að stofum og íþrótt- og hátíðarsölum skólans fyrir ýmsa viðburði á borð við klúbbastarfsemi og íþróttaviðburði.

» 11.4 Viðburðir

Helstu viðburðir eru böll, klúbbastarf, sýningar, skrúfan, jólakózý, bíóferð/frumsýning, lazertag, paintball og svo auðvitað hið víðfræga Tækniskóla-LAN svo eitthvað sé nefnt. Upplýsingar má finna á samfélagsmiðlum nemendafélagana á borð við Facebook, SnapChat og Instagram.

12. KYNNINGAR, SAMVINNA OG TENGL VÍÐ ATVINNULÍFIÐ

Nú er að klárast fyrsta starfsár markaðs- og kynningardeildar, sem stofnuð var í maí 2016. Deildinni er ætlað að sinna stefnumótun, skipulagi og framkvæmd á markaðs- og kynningarmálum, þvert á skóla og deildir Tækniskólans.

Aðalstarfsstöðvar eru á Skólavörðuholti, en starfsmenn eru þó nokkuð á ferðinni og eru meðvitaðir um að vera sýnilegir í öllum byggingum Tækniskólans.

Starfsmenn

Ágústa Sveinsdóttir – markaðsfulltrúi
Ásgerður Sveinsdóttir - vefstjóri
Ólafur Sveinn Jóhannesson - deildarstjóri
Sigurður Einar Jónsson - nemendatengill

» 12.1 Kynningarefni

Mikil áhersla er lögð á faglegt kynningarefni, hvort sem er í formi bréfsefnis, myndbanda eða hvers kyns auglýsinga. Nokkur kynningarmyndbönd voru framleidd á skólaárinu og ber þar helst að nefna myndbönd fyrir hönnunar- og nýsköpunarbraut, Handverksskólann og K2.

Einnig var mikið af „minni“ kynningarbæklingum – eða einblöðungum – hannaðir fyrir hina ýmsu deildir og skóla. Samræming á útliti við stærri bæklinga var höfð til hliðsjónar við hönnun en hér er um að ræða efni fyrir hönnunar- og nýsköpunarbraut, Vefskólann, Margmiðlunarskólann.

» 12.2 Viðburðir og skólakynningar

Markaðs- og kynningardeild hefur umsjón með móttöku gesta, í samráði við aðrar deildir skólans, mikill fjöldi erlendra og innlendra gesta kom í heimsókn árið 2016. Grunnskólar voru duglegir að bóka heimsóknir og mætti margir slíkir hópar í kynningarferðir. Samhliða þeim heimsóknum var farið í valda skóla, allt í kringum landið, þar sem fulltrúar skólans frá markaðs- og kynningardeild ásamt námsráðgjöfumstóðu fyrir kynningu á Tækniskólanum.

Þátttaka Tækniskólans í UT | Messunni er orðinn fastur liður á hverjum vetri og er það stór þáttur í kynningu á námsframboði í Upplýsingatækni. Vefskólinn og Margmiðlunarskólinn auk tölvubrautar, grafískrar miðlunar og hluti af Raftækniskólanum tóku virkan þátt í messunni.

» 12.3 Önnur verkefni

Markaðsdeild kom að Forritunarkeppni grunnskólanemenda sem sett var á laggirnar á vormánuðum 2016. Hugmyndin er sprottin frá kennurum á tölvubraut og koma þeir að framkvæmd keppinnar með aðstoð, bæði fyrrum og núverandi, nemenda við skólann. Þess má til gamans geta að nemandi á tölvubraut hannaði og forritaði heimasíðuna og nemandi í grafískri miðlun hannaði logo keppinnar.

Sýningarsvæði Tækniskólans var valið það athyglisverðasta á stórsýningunni Verk og vit 2016 sem haldin var í Laugardalshöll 3.–6. mars. Dómnefndin sagði að bás Tækniskólans væri áhugaverður og líflægur og að gestir upplifðu sig sem þátttakendur í því sem þar fram fór.

Tækniskólinn mældist næstvinsælastur þeirra framhaldsskóla sem 10. bekkingar sóttu um í forvali vorið 2016 fyrir skólaveturinn.



FORRITUNARKEPPNI
GRUNNSKÓLANNA

13. REKSTRARSVIÐ – STÖÐÞJÓNUSTA

» 13.1 Umsjón húsnæðis

Markmið húsnæðisþjónustu er að tryggja að öll starfsemi í húsnæði Tækniskólans uppfylli, með árangursríkum hætti, sett markmið um þjónustu við starfsfólk, nemendur og aðra notendur húsanna.

Að húsnæðið sé í samræmi við kröfur um aðbúnað og hollustuhætti. Að húsnæðið sé ávallt til reiðu, í góðu og þrífalegu ástandi þannig að starfsemi skólans verði framkvæmd með skilvirkum hætti og án hindrana.

Húsnæði í rekstri

Húsnæði skólans er á eftirtöldum 6 stöðum og er um 40 þúsund fermetrar að stærð:

- Skólavörðuholt - Aðalbygging, Vörðuskóli
- Háteigsvegur - Sjómannaskólahús, Vélahús, Rafmagnshús
- Hafnarfjörður - Flatahraun, Gjótuhraun
- Skeljanes - Verklek aðstaða byggingagreina og flugvirkjunar
- Keldnaholt - Lagnakerfamiðstöðin, flugvirkjun
- Reykjavíkflugvöllur - Verklek kennsla Flugskóla Íslands

» 13.2 Breytingar og viðhald á húsnæði 2016

Skólavörðuholt:

- ✓ Viðgerð á miðhluta aðalbyggingar að utan.
- ✓ Loftræstikerfi sett upp fyrir verklega sali í vesturhluta.

Vörðuskóli:

- ✓ Ljósmyndastofa og myrkvaherbergi komið fyrir á fyrstu hæð.

Háteigsvegur

- ✓ Starfsmannaaðstöðu komið fyrir á 3. hæð og kaffistofa endurnýjuð.
- ✓ Vefskólanum og nemendaaðstöðu komið fyrir í stofum 306 – 309.

Hafnarfjörður

- ✓ Bókasafn og starfsmannaaðstaða flutt og endurnýjuð.

Keldnaholt

- ✓ Verkstæði flugvirkja flutt frá Skeljanesi.

» 13.3 Bókasafn og upplýsingamiðstöð

Bókasafn og upplýsingamiðstöð Tækniskólans er á þremur stöðum, á Skólavörðuholti, Háteigsvegi og í Hafnarfirði síðan á haustönn 2015.

Meginhlutverk bókasafns og upplýsingamiðstöðvar er að veita nemendum og starfsmönnum Tækniskólans greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Þar er veitt fjölbætt þjónusta, s.s. aðstoð við upplýsingaöflun og heimildaleit, útlán, uppsetningu verkefna og prentun auk persónulegrar aðstoðar við tölvunotkun. Safnið stendur fyrir kennslu í upplýsingalæsi fyrir fyrsta árs nemendur og starfsfólk kennir jafnframt hvernig fara skal með heimildir í heimildaritgerðum og lokaverkefnum.

Safnkosturinn er skráður í bókasafnskerfið Gegni auk þess sem safnið nýtir sér landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum gegnum vefinn leitir.is

Tölulegar upplýsingar

Skráðir titlar í bókasafnskerfið Gegni: 15.029. Heildarútlán: 7.743. Heildarfjöldi lánþega: 944, þ.a. 835 nemendur. Töluvert færri útlán voru árið 2016 en árin áður, að hluta til er skýringin sú að mikið hefur dregið úr útlánnum á fartölvum og tækjum en helmingi fartölva safnsins, 6 tölvum, var stolið í byrjun árs.

Starfsfólk bókasafns og upplýsingamiðstöðvar hefur umsjón með vef skólans, upplýsingaskjám og útgáfu prentkorta til nemenda og starfsfólks. Starf alþjóðafulltrúa fellur einnig undir bókasafn og upplýsingamiðstöð.

Skrifstofa skólans hefur verið sameinuð bókasafni- og upplýsingamiðstöð. Á Háteigsvegi og í Hafnarfiðri er sú þjónusta öll veitt á bókasafninu, en á Skólavörðuholti er bókasafn á 5. hæð en skólaskrifstofa á 1. hæð gegnt aðalinngangi.

13.3.1 Alþjóðamál

Skólinn sótti um styrk til Menntaáætlunar Evrópusambandsins (Erasmus+) til að gera nemendum og starfsmönnum kleift að sækja sér fræðslu og starfsþjálfun í öðrum Evrópulöndum. Jákvætt svar fékkst við umsókninni og fékk skólinn úthlutað 146.718 evrum til til fræðsluferða nemenda og starfsmanna. Styrkirnir gera 45 nemendum kleift að stunda nám og starf erlendis frá tveimur vikum upp í fjóra mánuði. Ellefu starfsmenn njóta góðs af úthlutuninni, gert er ráð fyrir að hver þeirra fari í þriggja daga til mánaðar langar heimsóknir til evrópskra skóla og fyrirtækja.

» 13.4 Tölvudeild

Uppbygging kerfis

Tölvukerfi Tækniskólans er byggt upp í kringum Microsoft Active Directory (AD) notendagrunn. Réttindi og aðgangstakmörkunum er stýrt í gegnum þennan grunn. Reglum varðandi notendur og einstakar útstöðvar er stýrt í s.k. Group Policy í AD og skriftum.

Microsoft Office 365 keyrir tölvupóstkerfi starfsmanna og nemenda.

Netþjónar keyra Windows Server 2008 r2, 2012r2, og 2016 stýrikerfi, og útstöðvar Windows 8.1 / 10.

Flest gögn nemenda eru hýst í skýinu hjá OneDrive þjónustu Microsoft, að auki eru nemendur með heimasvæði fyrir gögnin sín og vefsíður á staðbundnum þjónum.

Önnur gögn er varða nemendur eru hýst hjá Advania (Inna.is)

Netþjónar

Keyra á HP Blade og eru meirihluti þjónanna keyrðir í Microsoft Hyper-V.

Aðrir þjónar keyra á blöðunum í „Blade“ stæðunni, auk annarra sérstæðra þjóna .

Kerfisrými

Kerfisrými eru þrjú: fyrsta staðsett á Skólavörðuholti, annað staðsett á Háteigsvegi, og það þriðja í Hafnarfirði.

Nethögun

Internet tenging Tækniskólans keyrir á FS-neti sem er nú rekið af Vodafone, 1000Mb ljósleiðari og er allri umferð stýrt með Sonicwall eldvegg. Einnig er skólinn með ljósleiðara frá Vodafone sem er 1000Mb.

Háteigsvegur tengist inn með „Darkfíber“ frá Vodafone. Hafnarfjörður tengist með 1000Mb ljósleiðara. Varatengingar eru staðsettar bæði á Háteigsvegi (4 mb sds) og Skólavörðuholti (16mb\1mb Adsl +100mb tenging frá Mílu)

Afritun

Afritun er tekin daglega af öllum gögnum skólans og afritað er á HP ProLiant DL380p Gen8 þjóni í kerfisrými á Háteigsvegi. Einnig er notuð svo kölluð „shadow copy“ sem er afritun og hjálpar það notendum að nálgast afrit af sínum gögnum hraðar og auðveldar.

Práðlaust net

Práðlausa netið er núna í tvennu lagi, því er stýrt með Sonicwall og Ruckus og er með aðgangastýringu tengda við Active directory. Ef gestir þurfa að komast á netið verður það gert með SMS auðkenningu og tengjast þeir TS-Gestir.

Prentun

Tækniskólinn er með prentþjónustusamning við PLT ehf. og sjá þeir um allt sem við kemur prentunum. Náðarkort eru notuð til að sækja útprentanir frá prenturum og er það MyQ-kerfi með tengingar í Active directory.

Aðgengi að gögnum og gagnaöryggi

Aðgangsstýringar eru framkvæmdar með NTFS réttindum og drif notenda skilgreind með hópum úr Active directory.

» 13.5 Starfsmannahald

Í lok ársins 2016 störfuðu hjá Tækniskólanum um 255 starfsmenn. Kennarar, þroskaþjálfar og aðstoðarfólk þeirra voru 195, námsráðgjafar 4, stjórnendur 16 og aðrir starfsmenn 40.

» 13.6 Starfsmannafundir

Haldnir eru fundir með öllum starfsmönnum a.m.k. tvisvar sinnum á önn, í upphafi og lok hverrar annar. Þess á milli eru kennarafundir í lok hvers mánaðar. Innan hvers skóla eru skipulagðir fundir sem fagskólastjórar halda utan um og ráðstafa þeim tímum sem eru með fundarhléum í töflum allra kennara.

» 13.7 Starfsmannafélag, starfsemi

Starfsmannafélag eða skemmtinefnd stendur fyrir tveimur árlegum viðburðum. Annars vegar er það jólahlaðborð og hins vegar árshátíð starfsfólks. Sú nýbreytni var gerð að láta einn undirskóla Tækniskólans sjá um eitt ár í einu og var það Upplýsingatækniskólinn sem byrjaði. Nokkrir kennarar Upplýsingatækniskólans voru fengnir til að halda utan um viðburðina. Á næsta skólaári verður það síðan Byggingatækniskólinn sem sér um starfsmannafélagið en þeir unnu í harðri keppni við hina skólana.

Jólahlaðborð hafði einu sinni verið haldið fyrir utan skóla og það var jólin 2015 og þá var það haldið í Ferðafélagi Íslands í Mörkinni en jól 2016 var það haldið á Hótel Örk. Enginn veislustjóri var þar sem við vorum í sal með öðrum fyrirtækjum og hentaði það ekki alveg sem skyldi.

Fyrir á árinu var haldin árshátíð starfsfólks á Hótel Sögu, ágætis mæting var á viðburðinn og fólk almennt ánæggt með skemmtunina. Svavar Knútur, skemmtikraftur sá um veislustjórn sem heppnaðist með eindæmum vel.

Sæti í skemmtinefnd/starfsmannafélagi árið 2016–2017 áttu:

Brynhildur Björnsdóttir
Geir Sigurðsson
Helga Tómasdóttir
Kristín Þóra Kristjánsdóttir
Snorri Emilsson

» 13.8 Fjármálastjórn, bókhald og skólaskrifstofa

Undir rekstrarsvið heyrir einnig rekstur skólaskrifstofu og bókhaldsdeildar, auk fjármálastjórnunar.

Bókhald skólans er fært í Navision Finance bókhaldskerfi. Reglulega eru unnin rekstraruppgjör sem lögð eru fyrir stjórnarfundum.

» 13.9 Afkoma ársins

Rekstur Tækniskólans var í jafnvægi árið 2016 og hagnaður 0,66% af heildarveltu.

Þann 1.janúar 2016 sameinaðist Flugskóli Íslands Tækniskólanum, þannig að samanburður á milli ára er þjagaður þetta árið.

Heildartekjur ársins 2016 voru 4.075,4 milljónir, þar af sértekjur 904,1 milljón. Rekstrarkostnaður nam 3.965,1 milljón, þar af námu laun, aðkeypt kennsla og annar starfsmannakostnaður 2.972,8 milljónum króna. Afskriftir, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld námu samtals tæpum 83,5 milljónum.

Hagnaður ársins nam því tæpum 26,9 milljónum króna.

Launahlutfall lækkar á milli ára, fer úr 77,8% í 72,9% sem skýrist aðallega af sameiningunni við Flugskólann.

Í árslok voru eignir samtals 609,5 milljónir króna og eigið fé 136,2 milljónir. Eiginfjárhlutfall er því 22,3% og hækkar talsvert á milli ára.

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýringar	2016	2015
Rekstrartekjur			
Þjónustusamningur Ríkissjóðs		3.171.302.289	2.593.520.341
Aðrar tekjur og styrkir		904.096.897	372.750.686
		<u>4.075.399.186</u>	<u>2.966.271.027</u>
Rekstrargjöld			
Laun, launatengd gjöld og aðkeypt vinna		2.972.820.583	2.308.032.614
Rekstur húsnæðis		546.254.374	405.159.347
Rekstur flugvéla og flughermis		177.650.347	0
Annar rekstrarkostnaður		268.344.482	234.680.458
		<u>3.965.069.786</u>	<u>2.947.872.419</u>
Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði		110.329.400	18.398.608
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	2	74.306.317	43.461.417
Rekstrarafkoma fyrir áhrif dótturfélags		36.023.083	(25.062.809)
Hlutdeild í afkomu dótturfélags		0	26.332.065
Afkoma fyrir fjármagnsliði		36.023.083	1.269.256
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		15.264.130	9.633.120
Vaxtagjöld, verðbætur og bankakostnaður		(11.091.447)	(3.379.476)
Gengismunur		(13.343.281)	3.396.273
		<u>(9.170.598)</u>	<u>9.649.917</u>
Afkoma ársins		<u>26.852.485</u>	<u>10.919.173</u>